# FRÉTTABLAÐIÐ

134. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 8. JÚNÍ 2018




Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu gerði svekkjandi jafntefli þegar liðið mætti Gana í síðasta leik sínum fyrir heimsmeistaramótið á Laugardalsvellinum í gærkvöldi. Íslenska liðið heldur til Rússlands á morgun og leikur svo gegn Argentínu í fyrsta leik sínum á mótinu sléttri viku síðar. Ítarlega er fjallað um leikinn á blaðsíðu 12 í blaðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Íslandsstofa tafði fyrir sátt um þinglok

**Eftir sleitulausar samningaviðræður stjórnar og stjórnarandstöðu síðustu daga virðist sátt vera að nást um þinglok. Frumvarp um Íslandsstofu var hvað erfiðast að semja um. Fundi framhaldið á Alþingi í dag og munu þingmenn þurfa nokkra daga enn til að ljúka þingi.**

**ALÞINGI** Einungis vantaði herslumuninn að flokkarnir á Alþingi næðu samkomulagi um þingmál og þar með um þinglok, þegar Fréttablaðið fór í prentun seint í gærkvöld.

Fundir formanna og þingflokksformanna hafa verið æði margir þessa vikuna þar sem reynt hefur verið að ná sáttum um þinglok. Gærdagurinn fór allur í samningaviðræður milli formanna á meðan óbreyttir þingmenn ræddu sín á milli um ríkisfjármálaáætlun stjórnarinnar.



Frumvarp um breytt rekstrarform Íslandsstofu og ný lög um dómstól um endurupptöku dómsmála hafa vafist hvað mest fyrir flokkunum í samningaviðræðunum. Frumvarpið um Íslandsstofu hefur til að mynda verið gagnrýnt af stjórnarandstöðunni. Frumvarpið hefur í för með sér að Íslandsstofa verði færð í sjálfseignarstofnun sem fimm stýra. Þrír frá Samtökum atvinnulífsins og tveir frá hinu opinbera.

Markaðar tekjur stofnunarinnar yrðu um 1,2 milljarðar króna árlega og stofan undanskilin upplýsingalögum, sem mælist ekki vel fyrir hjá stjórnarandstöðunni.

Að mati stjórnarandstöðuþingmanna sem blaðið ræddi við hafði samvinna minnihlutans verið með ágætum í þessari samningalotu við stjórnarliða um þinglok. Stjórnarandstaðan hafi mætti til samninga sem einn maður. Að þeirra mati hafi stjórnarliðar hins vegar ekki verið samstíga um hvaða mál meirihlutinn legði áherslu á í sínum kröfum við minnihlutann. Það hafi tafið verkefnið nokkuð. Unnið hefur verið að samningum um önnur mál sem út af stóðu og gekk það vel í gær. Fundi verður framhaldið á Alþingi í dag. Þingmenn þurfa nokkra daga til að ljúka þingi. – **sa**

**8** DAGAR í HM





ICELANDAIR

Safnaðu öllum leikmönnunum


## Fréttablaðið í dag





**SKOÐUN** Viðbrögð vinnustaða við #metoo. 10

**SPORT** Björgvin Páll og félagar í íslenska handboltalandsliðinu mæta Litháen í Vilníus í dag. 16

**MENNING** Elmar og Oddur Arnþór eru bræður í óperu Daníels Bjarnasonar. 22

**LÍFIÐ** Hawaii handan gylliveraldar póstkortanna. 32

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● HÚSNÆÐI OG VIÐHALD**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Suðlæg átt 5-10 suðvestan- og vestanlands og dálítil væta í dag, en hægari breytileg átt og bjart með köflum um landið austanvert. Hiti 8 til 20 stig að deginum, hlýjast í innsveitum norðaustanlands.

SJÁ SÍÐU 20



**Dælubíllinn að störfum. Lyktin var sögð óbærileg.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hræðilegur fnykur frá Fosshóteli

**SAMFÉLAG** Vegfarendur, íbúar og starfsmenn í nærliggjandi fyrirtækjum við Fosshótel í Reykjavík kvörtuðu undan gríðarlegum óþef frá dælubíl sem vann þar við að pumpa einhverju frá hótelinu í gærmorgun. Fólk sem Fréttablaðið ræddi við kvaðst aldrei hafa fundið annan eins fnyk.

„Ég hef ekki fundið svona lykt áður, þetta var eins og klósett,“ sagði erlendur starfsmaður fyrirtækis í Þórunnartúni sem Fréttablaðið ræddi við. Annar starfsmaður stofnunar í nágrenninu sagði samstarfsfólk sitt hafa flúið inn og kúgast yfir lyktinni.

Ljósmyndari Fréttablaðsins, sem náði meðfylgjandi mynd af aðgerðum dælubílsins, sagði þetta hafa verið eins og að ganga á vegg.

Fréttablaðið leitaði skýringa á vinnu dælubílsins, sem kemur víst þarna reglulega, og lyktinni sterku hjá Davíð Torfa Ólafssyni, framkvæmdastjóra Íslandshótela sem eiga og reka Fosshótelið í Þórunnartúni.

„Það er verið að tæma fitugildru sem tekur við affalli úr eldhúsi. Þetta er gert á þriggja mánaða fresti og eru hefðbundin vinnubrögð. Mismikil lykt myndast við þetta en það er vegna þess að hitun verður á fitunni þegar unnið er við þetta.“ **– smj**

# Mikið hugmyndaflug í Grindavík



**Það getur reynst afar flókið, jafnvel erfitt, að slá brekkur. Þegar maður stendur frammi fyrir slíkri áskorun er auðvitað hægt að nýta hugmyndaflugið, binda reipi í sláttuvélina, og láta hana síga niður brekkuna líkt og þessi ungi Grindvíkingur hafði gert þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði í gær. Ritstjórn Fréttablaðsins ábyrgist þó ekki endilega að þessi nýstárlega aðferð sé mjög áhrifarík við grasslátt.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Skráðu sig fyrir 30 prósenta hlut

**VIÐSKIPTI** Fjárfestar hafa skráð sig fyrir samanlagt nærri 30 prósenta eignarhlut í Arion banka í hlutafjárútboði bankans, samkvæmt heimildum blaðsins. Miðað við gengið í útboðinu – 0,6 til 0,7 sinnum bókfært eigið fé bankans – er söluverðmæti hlutarins 40 til 46,5 milljarðar.

Heimildir blaðsins herma að í gær hafi fjárfestar verið búnir að skrá sig fyrir hlutafé sem nemur um 30 prósentum yfir lágmarksstærð útboðsins eða samanlagt um 29,5 prósenta hlut. Kaupþing og vogunarsjóðurinn Attestor Capital hyggjast selja að lágmarki 22,6 prósent í útboðinu en að hámarki um 41 prósent.

Líkt og Markaðurinn greindi frá var pantanabók fyrir um fjórðungshlut í bankanum orðin full á þriðjudag. Hafa erlendir fjárfestingarsjóðir verið fyrirferðarmestir þeirra sem hafa skráð sig fyrir hlut. **– hae, kij**

# 200 milljón króna bréf til sýnis í Garðabænum

**Hið svokallaða Biblíubréf frá árinu 1876 verður til sýnis á NORDIA 2018 safnarasýningunni sem stendur yfir 8. til 10. júní, en bréfið er metið á 200 milljónir króna. Öflug öryggisgæsla verður á svæðinu allan sólarhringinn yfir helgina.**

**SAMFÉLAG** Biblíubréfið mun vera verðmætasti hluturinn á NORDIA 2018 sýningunni sem fram fer í TM Höllinni í Garðabæ um helgina en það er metið á um 200 milljónir króna. „Sagan segir að bréfið hafi fundist í Biblíu. Utan á því eru fyrstu íslensku þjónustuskildingamerkin sem er Ísland og svo talan 1876,“ segir Gísli Geir Harðarson, framkvæmdastjóri NORDIA og formaður Landssambands íslenskra frímerkjasafnara.

Aðspurður hvort hann viti hvað standi í bréfinu svarar Gísli Geir því neitandi. „Það hefur örugglega einhver opnað þetta bréf. En mér finnst líklegt að þetta sé bréf frá embættismanni. Þeir fengu sérfrímerki á þessum tíma og sést það á bréfinu. Það er ólíklegt að bréfið hafi verið eitthvað persónulegt,“ segir hann.

Auk bréfsins verða frímerki, seðlar og mynt fyrir tvo milljarða króna til sýnis auk fjölmargra verðmætra gripa sem ekki verða metnir til fjár. Sýningargripir koma víða að, alla leið frá Rússlandi og Nýja-Sjálandi en þetta er þó í grunninn norræn sýning og fullveldissýning.

Vegna þeirra miklu verðmæta sem eru í húfi verður sérstök og öflug öryggisgæsla á sýningarstað alla helgina. „Það verður öllu tjaldið til í öryggisgæslu allan sólarhringinn,“ segir Gísli Geir. Stærsti hluti sýningarinnar lýtur að frímerkjum en matsverð íslenskra seðla og myntar á svokölluðum fullveldishluta sýningarinnar er um 200 milljónir króna, enda margir fágætir og verðmætir seðlar.

„Við höfum alltaf fengið góða aðsókn að sýningunni og ég veit að Norðurlandaþjóðir öfunda okkur af því hvað þessar samkomur eru vel sóttar,“ segir Gísli Geir. Ókeypis aðgangur er að sýningunni og verður opið á föstudag klukkan 14-18, laugardag 10-17 og sunnudag 10-16.

gunnthorunn@frettabladid.is



**Mikil verðmæti verða til sýnis á NORDIA safnarasýningunni.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**Biblíubréfið mikla. Öryggisgæsla verður í hávegum höfð.**



TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

# TOYOTA Sumargrill

**Laugardaginn 9. júní kl. 12–16**




**Sumarsýning hjá öllum viðurkenndum söluaðilum Toyota á Íslandi**
Seint kom sumar en kom þó – og í tilefni af því blásum við til sumarlegrar stórsýningar hjá Toyota um allt land. Sérstakt sumartilboð á völdum bílum og glóðheitt góðgæti á grillinu frá Kjötkompaníinu. Öllum seldum bílum á sýningunni fylgja sumarbirgðir af grillkjöti og fimm heppnir reynsluökuþórar hreppa 100.000 kr. gjafakort frá 66°Norður. Sjáumst um helgina, sólbökuð og svöng.

## YARIS GRMN



**Reynsluaktu Yaris GRMN með Kristjáni Einari**, fyrrverandi akstursíþróttamanni. Hann mun keyra hring með áhugasömum sýningargestum í Kauptúni og útskýra helstu eiginleika bílsins.




**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

ÍSLENSKA/SIA.IS/TOY 88622 06/18

# Giftist þroskaskertri konu og sótti um dvalarleyfi fimm dögum síðar

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur Íslands ógilti í gær hjónaband þroskaskertrar konu og hælisleitanda. Dómurinn sneri með því við niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur.

Konan kynntist manninum árið 2016 en þá hafði umsókn hans um hæli verið synjað. Tveimur mánuðum síðar höfðu þau gengið í hjónaband hjá sýslumanninum í Reykjavík. Fjölskylda konunnar fékk vitneskju um hjónabandið í upphafi árs 2017 en fimm dögum eftir hjónavígsluna hafði maðurinn sótt um dvalarleyfi hér á landi á grundvelli hjúskaparins.

Í vitnisburði konunnar fyrir héraðsdómi kom fram að hún hefði tekið ákvörðun um að giftast manninum vegna þess að hún vildi að hann fengi að dvelja áfram hér á landi. Þá vildi hún forða honum frá refsingum sem biðu í heimalandinu. Dómurinn taldi ekki skilyrði til ógildingar hjúskaparins fyrir hendi og þyrfti konan því að sækja um skilnað til að binda enda á hann.

> Konan kynntist manninum árið 2016 en þá hafði umsókn hans um hæli verið synjað.

Í málinu lágu fyrir skýrslur sérfræðinga um andlegt ástand konunnar en þar segir meðal annars að hugtakaskilningur hennar sé á við sex til átta ára barn og skilningur á félagslegum aðstæðum á við sex ára barn.

„Hún hafi gefið þá lýsingu á hjónabandi að það feli í sér að einstaklingar séu lengi saman og dýpri lýsing eða skilningur á því hafi ekki fengist fram,“ segir meðal annars í matsgerðinni. Færni hennar til skilnings á eðli hjónabands sé verulega skert.

Dómurinn taldi ljóst með hliðsjón af sérfræðigögnunum að konan hefði ekki verið bær til að takast þá skuldbindingu á hendur að ganga í hjúskap. Var hjónabandið því ógilt. **– jóe**

## Ætla að afnema einkarétt á bréfum

**STJÓRNSÝSLA** Stefnt er að því að afnema einkarétt Póstsins á bréfum undir fimmtíu grömmum. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið lagði fram drög að frumvarpi þess efnis til kynningar í Samráðsgátt ríkisstjórnarinnar í gær.

Um innleiðingu á Evróputilskipun er að ræða en leiða átti hana í landsrétt fyrir árslok 2011. Ísland og Noregur gerðu fyrirvara við hana en Norðmenn leiddu hana í sín lög árið 2016. „Almennt höfum við mælt með því að einkarétturinn verði afnuminn og höfum talað fyrir því að það þjónaði ekki hagsmunum okkar,“ segir Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri Póstsins.

Ingimundur segir að stóra spurningin sé hvernig ríkið ætli að tryggja þá alþjónustu sem kveðið er á um í drögunum. Sérstaklega sé brýnt að líta í því samhengi til landsvæða sem ekki eru arðbær.

„Lög um póstþjónustu hafa ekki verið endurskoðuð frá árinu 2002 og það er löngu tímabært að taka þau til skoðunar. Þá sérstaklega í ljósi þróunar einkaréttarbréfanna en þeim hefur farið verulega fækkandi ár frá ári frá hruni,“ segir Ingimundur. **– jóe**




### LEIÐRÉTTING

**Rangt heimilisfang**

*Í frétt á síðu 2 í Fréttablaðinu í gær, um áralangt karp nágranna um þvottavél, var staðhæft að málið varðaði samnýttan kjallara húseigna í Mjóstræti og á Bókhlöðustíg. Það er ekki rétt. Hið rétta er að stefnda í málinu var skráð í Mjóstræti en að öðru leyti tvinnast húseignirnar ekki saman. Beðist er afsökunar á þessu.*

# Gríðarleg aukning í umsóknum um nám í háskólum landsins

**Mikil fjölgun varð milli ára á umsóknum um nám í háskólunum. Þetta skýrist aðallega af breytingum á fyrirkomulagi stúdentsprófa þar sem flestir framhaldsskólar útskrifa tvöfalda árganga í vor. Háskólarektor segir sérstakt ánægjuefni að umsóknum um grunnnám í leikskólakennarafræði fjölgi um 60 prósent.**

**MENNTAMÁL** Háskólar landsins hafa sjaldan eða aldrei fengið jafn margar umsóknir um nám og nú. Skólarnir höfðu búið sig undir aukningu þar sem stytting framhaldsskólans veldur því að í flestum tilfellum útskrifast tvöfaldir árgangar nú í vor.

Umsóknir um nám við Háskóla Íslands voru á níunda þúsund, þar af um fimm þúsund í grunnnám. Fjölgun umsókna um grunnnám er 12 prósent milli ára. Jón Atli Benediktsson háskólarektor segir spár hafa gert ráð fyrir 7 til 12 prósenta aukningu.

Jón Atli segir aukninguna mesta á félagsvísindasviði og verkfræði- og náttúruvísindasviði en fjölgun hafi orðið í nær öllum deildum. „Það er sérstakt ánægjuefni að það er 60 prósenta aukning umsókna í grunnnám í leikskólakennarafræði en við höfum lagt áherslu á að kynna kennaranámið.“

Hann segir að skólinn hafi áður tekið inn stóra hópa, til að mynda í kjölfar hrunsins. Það hafi tekist með samstilltu átaki starfsfólks. „Verkefni okkar er að veita eins góða þjónustu og við getum. Við reynum að leysa þetta innan ramma fjárlaga. Það mun reyna á starfsfólk og innviði en við teljum okkur geta gert þetta,“ segir Jón Atli.

Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík, segist almennt sáttur við hvernig umsóknir gengu. Alls voru umsóknir um nám við skólann rúmlega 3.000 talsins sem er 11 prósenta fjölgun frá síðasta ári og hafa aldrei verið fleiri.

„Við gerðum ráð fyrir aukningu í grunnnámið vegna breytinganna, sem gekk eftir. Svo er mjög ánægjulegt hvað það er mikil aukning í meistaranámið,“ segir Ari. Umsóknum um meistara- og doktorsnám fjölgaði um 19 prósent milli ára og voru um 1.100 talsins. Ari segir skólann vel undirbúinn fyrir þessa fjölgun. „Þetta passar vel við okkar undirbúning og við getum vel tekið á móti þessari viðbót og hlökkum til þess.“



**Breytingar á fyrirkomulagi náms til stúdentsprófs valda því að umsóknum um háskólanám fjölgar töluvert milli ára. Háskólarektor segir að spár um fjölgun hafi gengið eftir og að fjölgunin nái yfir nær allar deildir.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Við reynum að leysa þetta innan ramma fjárlaga. Það mun reyna á starfsfólk og innviði en við teljum okkur geta gert þetta.
>
> Jón Atli Benediktsson, rektor HÍ

**3.000**

**umsóknir um skólavist næsta vetur bárust Háskólanum í Reykjavík.**

Þá segir Ari að umsóknum frá erlendum nemendum haldi áfram að fjölga. Skólinn hafi lagt áherslu á að laða til sín erlenda nemendur í meistaranám. „Við erum með námsbrautir, til dæmis meistaranám í sjálfbærum orkuvísindum, sem að langmestum hluta eru sóttar af erlendum nemendum.“

Þá barst Háskólanum á Akureyri metfjöldi umsókna um skólavist næsta vetur. Umsóknir voru 2.160 sem er 30 prósenta fjölgun frá síðasta ári. **sighvatur@frettabladid.is**

SUMARTILBOÐ Á
RENEGADE
LONGITUDE
ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF
TILBOÐSVERÐ
3.790.000 KR.
LISTAVERÐ 4.390.000 KR.
TAKMARKAÐ MAGN BÍLA Í BOÐI.
Jeep

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
UMBOÐSAÐILI JEEP Á ÍSLANDI - ÞVERHOLTI 6 - 270 MOSFELLSBÆR- SÍMI: 534 4433
WWW.JEEP.IS - WWW.ISBAND.IS - ISBAND@ISBAND.IS - OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 - LAUGARDAGA 12-16

**HÚSASMIÐJAN**
HLUTI AF BYGMA

**Skoðaðu ótrúleg tilboð í Húsasmiðjublaðinu á husa.is**

# HM veisla

## HM tilboðsveisla Húsasmiðjunnar

**12.495 kr**
Rafmagnssláttuvél
5085113

OUTBACK
HM TILBOÐ
**25.990 kr**
~~36.990 kr~~
Gasgrill
3000393

IKRA mogatec
Hekkklippur
600W, 55 cm blað, klippigeta 22 mm.
5083728
Sjáðu verðið!
**8.895 kr**

20% afsláttur
TEXAS
HM TILBOÐ
**34.956 kr**
~~43.695 kr~~
Bensínsláttuvél Razor 4610
139 cc, 2,3 kW, sláttubreidd 46 cm, sláttukerfi 3in1, 6 hæðarstillingar, eitt handtak, 65 ltr. safnari.
5085301

25% afsláttur af ÖLLUM garðhúsgögnum
Sjáðu verðið!
HM TILBOÐ
**6.510 kr**
~~8.690 kr~~
Garðstóll Manilla
Staflanlegur.
3899591

25% afsláttur af ÖLLUM garðvörum frá claber
Slönguhjól Aquapony
Fylgir 15 m 1/2" slöngu, byssa og 5 tengi.
5081637
HM TILBOÐ
**4.947 kr**
~~6.595 kr~~

3 ltr
HM TILBOÐ
**1.995 kr**
~~2.495 kr~~
Pallaolía Jotun Treolje
Pallaolía á gagnvarið efni. Fáanleg gullbrún, græn og einnig í sömu litum og Trebitt hálfþekjandi.
7049123, 33, 37

25% afsláttur af ÖLLUM hreinlætistækjum
HM TILBOÐ
**10.240 kr**
~~13.655 kr~~
Handlaugartæki
Grohe Start.
7910800
GROHE

20-30% afsláttur af ÖLLUM Nilfisk háþrýstidælum
HM TILBOÐ
**11.996 kr**
~~14.995 kr~~
Háþrýstidæla C 100.7-5(EU)
100BÖR, 1.3 Kw, 440 ltr./klst., sjálfvirk gangsetning og stöðvun 5 m slanga. Click & Clean kerfi.
5254200

Sjáðu verðið!
Stjúpur, 10 stk.
**999 kr**

## DAGSKRÁ Í SKÚTUVOGI LAUGARDAG

**Vilmundur Hansen,** garðyrkjufræðingur, gefur góð garðyrkjuráð kl 13-16 fyrir viðskiptavini laugardag og sunnudag í Blómaval Skútuvogi.

**Bókakynning:** Höfundar kynna frábærar handbækur Blómavals frá kl. 14-16

**Börnin fá ís** frá kl. 12-16

**Allir fá pylsur** frá kl. 12-16

**HM tilboðsveisla Húsasmiðjunnar**

**Áfram Ísland**

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana. Afsláttur gildir ekki af „lægsta lága verði" Húsasmiðjunnar.

# Kröfu Datacell um kyrrsetningu á eignum Valitors hafnað

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hafnaði kyrrsetningarkröfu Datacell og Sunshine Press Productions (SPP) á eignum Valitors. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu sem Valitor sendi frá sér í gær.

Í tilkynningunni segir fyrirtækið að ákvörðunin komi ekki á óvart, „enda telur Valitor að kyrrsetningarkrafan hafi ekki átt við nein rök að styðjast, auk þess sem Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu hafði áður hafnað sömu kröfu.“

**Wikileaks tók við styrkjum í gegnum greiðslugátt sem Datacell og SPP ráku**

„Valitor vill jafnframt nota tækifærið til að vísa á bug söguburði í fjölmiðlum þess efnis að lögmaður Datacell og SPP hafi átt í einhvers konar samningaviðræðum við Valitor um uppgjör á kröfum þessara fyrirtækja á hendur félaginu. Engar slíkar viðræður hafa átt sér stað,“ segir enn fremur í tilkynningunni.

Forsaga málsins er sú að Wikileaks tók við styrkjum í gegnum greiðslugátt sem Datacell og Sunshine Press Production (SPP) ráku. Greiðslugáttin var opnuð 7. júlí 2011 en degi síðar sleit Valitor samningnum fyrirvaralaust. Hæstiréttur sló því föstu með dómi vorið 2013 að riftun samningsins væri ólögmæt. Frá þeim tíma hafa málaferli staðið um skaðabótakröfur vegna riftunar. Dómkvaddir matsmenn mátu tjónið á 3,2 milljarða.

„Vert er að benda á að langstærstur hluti krafna framangreindra félaga á hendur Valitor, eða um 95%, er krafa SPP sem er að langmestu leyti í eigu Julian Assange. Það félag hefur aldrei átt í viðskiptasambandi við Valitor. Auk þess hefur félagið aldrei haft nema hverfandi tekjur en gerir samt milljarða kröfur á hendur fyrirtækinu,“ segir í tilkynningunni. **– þea, hvj**

## Hóta að stöðva skráningar í Mentor

**STJÓRNSÝSLA** Persónuvernd gefur fimm grunnskólum frest til 15. ágúst til að bregðast við þriggja ára gömlu áliti stofnunarinnar um skráningu persónuupplýsinga í Mentor, að öðrum kosti geti komið til þess að skráning persónuupplýsinga í kerfið verði stöðvuð.



**Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar.**

Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu 2015 að skráning persónuupplýsinga í Mentor bryti í bága við lög um persónuvernd. Athugun stofnunarinnar beindist að mjög víðtækri skráningu persónuupplýsinga meðal annars um andlegt og líkamlegt heilsufar nemenda, jafnvel klæðaburð og framkomu foreldra þeirra. Kröfur stofnunarinnar um úrbætur lúta að því að koma skráningu í lögmætt horf og gerð verklagsreglna um samræmda skráningu sem kveði á um hvaða upplýsingar skuli skrá, hverjum skuli birta þær og hvernig eftirliti skuli háttað. **– aá**

## Lífstíðarfangelsi fyrir hryðjuverk

**SVÍÞJÓÐ** Rakhmat Akilov var í gær dæmdur í lífstíðarfangelsi fyrir að hafa ekið niður vegfarendur á Drottningargötunni í Stokkhólmi í apríl í fyrra. Hann var kærður fyrir hryðjuverk, 119 tilraunir til manndráps og fyrir að hafa verið valdur að dauða fimm sem fórust.

Farið var fram á þyngstu refsingu, lífstíðarfangelsi, og brottvísun úr landi síðar meir. Við réttarhöldin játaði Akilov verknaðinn og lýsti yfir stuðningi við Íslamska ríkið, en samtökin höfnuðu því hins vegar að hafa borið ábyrgð á verknaðinum. **– tg**

# Fimmtíu líffæragjafar gáfu 186 líffæri síðastliðinn áratug

**Líffæragjöfum hefur fjölgað undanfarinn áratug. Mest er gefið af nýrum og næstmest af lifrum. Yfirlæknir líffæraígræðsluteymis segir nýja löggjöf sem samþykkt var í vikunni um áætlað samþykki þýðingarmikla.**



**Í svari frá Landspítalanum segir að flest líffæri hafi verið gefin árið 2015.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**HEILBRIGÐISMÁL** Alls gáfu fimmtíu líffæragjafar 186 líffæri á árunum 2008 til 2017. Flestar voru líffæragjafirnar árið 2015, eða fimmtíu líffæri frá tólf líffæragjöfum. Langmest er gefið af nýrum, eða 92, og kemur lifur þar á eftir, 43 talsins. Þetta kemur fram í svari Landspítalans við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Runólfur Pálsson, yfirlæknir líffæraígræðsluteymis, segir í svari við fyrirspurninni að gjafatíðnin hafi lengi verið mjög lág, eða um tíu gjafir á hverja milljón íbúa. „Allt þar til 2015, þá rauk gjafatíðni upp. Frá núll og upp í tólf. Það er nefnilega þannig. Tólf árið 2015, níu árið 2016 og sex árið 2017. Við höfum verið á ágætu róli undanfarin ár en það er engin trygging fyrir að það verði þannig áfram.“

Mengið er smátt, gjafafjöldinn lítill og því geta verið miklar sveiflur á milli ára, segir Runólfur. Ákveðnar ástæður geti verið fyrir þessari uppsveiflu í gjafatíðni.

„Í aðdraganda 2015 var mikil umræða um þetta mál. Árið 2014 var mikil umræða vegna Skarphéðins Andra sem hafði lent í bílslysi. Hann hafði rætt það við fjölskyldu sína að hann vildi gefa líffæri ef þessar aðstæður kæmu upp og þau töluðu um það á opinberum vettvangi. Það hafði veruleg áhrif,“ segir Runólfur.

Að sögn Runólfs er allt nú komið í gott horf en engin trygging sé fyrir því að ástandinu verði viðhaldið.

Frumvarp um áætlað samþykki líffæragjafar var samþykkt á Alþingi á miðvikudag. Hin nýja löggjöf þýðir að gert verði ráð fyrir því að einstaklingar samþykki að líffæri þeirra séu notuð til líffæragjafar. Í stað þess að þurfa að skrá sig sérstaklega sem líffæragjafi, líkt og tíðkaðist, þarf nú að tilkynna sérstaklega ef maður vill ekki gefa líffæri sín. Runólfur segir nýju löggjöfina þýðingarmikinn þátt í að hámarka fjölda líffæragjafa, auk annarra þátta. „Almenningsfræðsla og umræða í samfélaginu hefur klárlega góð áhrif.“



**Runólfur Pálsson, yfirlæknir**

joli@frettabladid.is
thorgnyr@frettabladid.is

### Líffæragjafir frá látnum gjöfum á Íslandi 2008-2017

| | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi líffæragjafa | 2 | 6 | 3 | 2 | 3 | 4 | 3 | 12 | 9 | 6 | **50** |
| Líffæri gefin | 9 | 19 | 13 | 9 | 11 | 16 | 12 | 50 | 23 | 24 | **186** |
| Nýra | 4 | 12 | 6 | 4 | 6 | 8 | 4 | 24 | 12 | 12 | **92** |
| Lifur | 2 | 4 | 3 | 2 | 1 | 4 | 3 | 11 | 7 | 6 | **43** |
| Hjarta | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 3 | 1 | 6 | 2 | 3 | **23** |
| Lungu (par) | 1 | 1 | 0 | 1 | 1 | 1 | 3 | 5 | 0 | 1 | **14** |
| Bris | **0** | **0** | 2 | 0 | 1 | 0 | 1 | 4 | 2 | 2 | **12** |

Hágæða múrefni weber og DEKA MÚRBÚÐARVERÐ




Weberfloor 4150 flotefni 4-30mm 25 kg **2.150**

Weberfloor 4160 Hraðþornandi flotefni 2-30mm 25 kg **2.790**

Weber Milligróf múrblanda 25 kg **1.690**

Weberfloor 4630 Durolit iðnaðar & útiflot 25 kg **4.390**

Weber REP 980 steiningarlím og filtmúr, grár 25 kg **2.690**

Weber Gróf Múrblanda 25 kg **1.490**

Combimix Staurasteypa 20 kg **860**

Deka Hrað viðgerðarblanda 25 kg **3.890**

Deka Fíber trefjastyrkt múrblanda 25 kg **2.740q**

Deka Plan 230 hraðþornandi flot 25 kg **1.890**



Deka Acryl grunnur 1 kg **760** 5 kg **3.390**

| | | |
|---|---|---|
| Reykjavík | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16 |
| Reykjanesbær | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14 |

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Gott verð fyrir alla, alltaf!

MÚRBÚÐIN










30% AFSLÁTTUR
AF KARTÖFLUÚTSÆÐI

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# Útlit fyrir að Erdoğan tapi meirihluta

**Líkur eru á því að aðra umferð þurfi til að velja forseta í Tyrklandi. Litlu munar á forsetanum og höfuðandstæðingum hans í könnunum. Flestar kannanir benda til þess að AKP missi meirihlutann. Nýr flokkur fyrrverandi innanríkisráðherra virðist hrifsa fylgi af stjórnarliðum.**

**TYRKLAND** Nú þegar rétt rúmar tvær vikur eru í þing- og forsetakosningar er komin upp sú staða að Recep Tayyip Erdoğan forseti og Réttlætis- og þróunarflokkur (AKP) hans eru í vandræðum. Samkvæmt allflestum nýjustu skoðanakönnununum er útlit fyrir að flokkurinn tapi meirihluta sínum á þinginu og að þörf verði á annarri umferð forsetakosninga.

Kosningarnar eru einar þær mikilvægustu á stjórnmálaferli Erdoğans og þær marka tímamót í tyrkneskum stjórnmálum. Ástæðan felst í þjóðaratkvæðagreiðslu síðasta árs, þegar 51,41 prósent Tyrkja samþykkti að fela forsetanum aukin völd. Í Tyrklandi verði sem sagt ekki lengur þingræði, líkt og tíðkast á Íslandi, heldur forsetaræði, líkt og tíðkast í Bandaríkjunum. Þetta nýja fyrirkomulag tekur gildi eftir komandi kosningar, 24. júní.

Upphaflega áttu kosningar að fara fram í nóvember á næsta ári. Erdoğan ákvað hins vegar í apríl síðastliðnum að þeim þyrfti að flýta til að greiða fyrir upptöku forsetaræðis.

Samkvæmt könnun sem Gezici birti í gær mælist kosningabandalag AKP með Þjóðernishyggjuhreyfingunni (MHP) með 48,7 prósent og myndi AKP þar með missa hreinan meirihluta sinn á þinginu. Kosningabandalag Repúblikana (CHP), Góða flokksins (Iyi) og Hamingjuflokksins (SP) mælist með 38,9 prósenta fylgi.

Þá mælist flokkur Kúrda, HDP, með 11,5 prósenta fylgi og því yfir tíu prósenta þröskuldinum. Ef stuðningur við HDP fer undir tíu prósent í kosningunum myndu Kúrdarnir ekki fá mann kjörinn og færu þau sæti flest til AKP, að því er Reuters greinir frá.

Þegar litið er til forsetakosninganna mælist Erdoğan með 48,7 prósenta fylgi, litlu meira en hann hefur að meðaltali mælst með undanfarnar vikur. Muharrem İnce, forsetaframbjóðandi Repúblikana, mælist með 25,8 prósenta fylgi og Meral Akşener, frambjóðandi Góða flokksins, með 14,4 prósent.

Ef svo fer að enginn frambjóðandi fær meira en helming greiddra atkvæða, eins og kannanir benda til að verði raunin, verður kosið aftur á milli tveggja vinsælustu. Kannanir benda til þess að mjótt yrði á munum á milli Erdoğans og næstvinsælasta frambjóðandans, hvort sem það verður Akşener eða İnce. Ný könnun SONAR sýnir til dæmis að forsetinn myndi fá 53,7 prósent gegn 46,3 prósentum İnce en ný könnun REMRES sýnir Erdoğan með 51,2 prósent gegn 48,8 prósentum Akşener.

Murat Gezici, sem fer fyrir hópnum sem fyrrnefndar kannanir eru nefndar eftir, sagði við Reuters í gær að í erfiðustu forseta- og þingkosningar undanfarinna tuttugu ára stefndi. Kannanir Gezici hafa verið einar þær nákvæmustu í undanförnum kosningum.

Trúlega má einna helst rekja erfiðleika forsetans og AKP til Meral Akşener og Góða flokksins. Akşener var áður innanríkisráðherra í stjórn Necmettins Erbakan árin 1996 og 1997. Þá var hún síðast þingmaður fyrir MHP árin 2007 til 2015 og fyrsti varaforseti þingsins nær allan þann tíma.

MHP stendur flokki forsetans nærri um þessar mundir. Stuðningur flokksins við áðurnefndar stjórnarskrárbreytingar varð til þess að Akşener sagði sig úr flokknum og stofnaði Góða flokkinn ásamt ýmsum fyrrverandi meðlimum annarra flokka, einkum MHP og CHP. Hún nýtur töluverðs persónufylgis eins og sést þegar henni er att saman við forsetann í könnunum. Mældist Góði flokkurinn með þó nokkurt fylgi jafnvel áður en honum var gefið nafn. thorgnyr@frettabladid.is




Stuðningsmenn forsetans eru margir. En eru þeir nógu margir? NORDICPHOTOS/AFP

**Kosningarnar eru einar þær mikilvægustu á stjórnmálaferli Erdoğans.**



Meral Akşener nýtur töluverðs stuðnings. Hún klauf sig frá bandalagsflokki Erdoğans í fyrra og var einn stofnenda Góða flokksins. NORDICPHOTOS/AFP

## Tangarhald á fjölmiðlum

Þessi erfiða staða Erdoğan-liða þykir sérstaklega áhugaverð í ljósi þess taumhalds sem ríkisstjórnin hefur á tyrkneskum fjölmiðlum og Mannréttindavaktin (HRW) fjallaði um í gær undir fyrirsögninni „Neyðarástand ríkir í tyrkneskum stjórnmálum“. Í samantekt HRW segir að ríkisstjórnin hafi sett fordæmalausar takmarkanir á fréttaflutning frjálsra fjölmiðla undanfarin ár. Hún hafi nú svo gott sem algjöra stjórn á sjónvarpsfréttum og að tölfræðin bendi til þess að stjórnarandstöðuflokkar fái mun minni umfjöllum í fjölmiðlum. „HDP mætir mestu hindrunum. Forsetaframbjóðandi flokksins og nokkrir frambjóðendur til þings sæta meðal annars ákærum sem eru pólitísks eðlis,“ sagði enn fremur í yfirlýsingu HRW.


## Ársfundur 2018

**Dagskrá**

1. Fundur settur.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Gerð grein fyrir ársreikningi.
4. Tryggingafræðileg úttekt.
5. Breytingar á samþykktum – kynning.
6. Fjárfestingarstefna sjóðsins kynnt.
7. Önnur mál.

**Ársfundur Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda verður haldinn miðvikudaginn 20. júní 2018 og hefst hann kl. 16:30. Fundurinn verður haldinn á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2.**

Allir sjóðfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn.

Reykjavík 23. 05. 2018
**Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda**

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda


# Vladímír Pútín forspár

**RÚSSLAND** Vladímír Pútín Rússlandsforseti sagðist í gær hafa varað Evrópu, Kanada og Mexíkó við því að Bandaríkin myndu ná sér niðri á þeim líkt og þau gera núna með nýjum viðskiptatollum. Ummælin lét Pútín falla í árlegum símatíma með rússnesku þjóðinni sem sýnt var frá í sjónvarpi.

„Árið 2007 sagði ég í München að Bandaríkin væru að útvíkka lögsögu sína út fyrir landamæri sín og sagði það óásættanlegt. Þetta er að gerast núna, ekki bara í okkar garð heldur bitnar þetta á vinum okkar í Evrópu og víðar,“ sagði Pútín og líkti tollunum við þær viðskiptaþvinganir sem Bandaríkin hafa sett á Rússa.

Rússinn var jafnframt spurður um möguleikann á þriðju heimsstyrjöldinni, sem hann sagði að myndi marka endalok mannlegrar siðmenningar, yrði hún háð. „Hættan á sameiginlegri gereyðingu hefur alltaf haldið aftur af stórveldum heimsins og knúið þau til að virða hvert annað. Úrsagnir Bandaríkjamanna úr samningum, til að mynda um eldflaugakerfi, eru tilraun til að binda enda á það jafnvægi sem hefur ríkt,“ sagði Pútín í svari sínu við spurningunni.

Þá sagði Pútín að þótt ekki stefndi í fleiri meiri háttar hernaðaraðgerðir Rússa í Sýrlandi væri ekki á dagskrá að draga úr viðveru Rússa þar í landi í bili. Ekki væri þó stefnt að því að hafa þar varanlega viðveru. – þea



Vladímír Pútín, Rússlandsforseti


SAMSUNG
Nýr myndlykill
fylgir Heima
Margfalt hraðvirkari og stuðningur við
ofurháskerpu.
ULTRA
HD
Fáðu þér Heima og tryggðu þér
nýjan myndlykil í verslunum
Vodafone eða hjá umboðsaðilum okkar.
SAMSUNG
Heima
Allt í einum pakka
fyrir heimilið.
Framtíðin er spennandi.
Ertu til?
vodafone

# Leikreglur



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Endurskoðun peningastefnunnar er eitt mikilvægasta verkefni stjórnvalda. Grunngerð hagkerfisins hefur tekið stakkaskiptum, ekki hvað síst vegna tilkomu nýrrar og ört vaxandi gjaldeyrisskapandi atvinnugreinar, sem hefur leitt til þess að erlend staða þjóðarbúsins hefur aldrei verið betri, sparnaðarstigið sjaldan mælst hærra og Ísland er því orðið að fjármagnsútflytjanda. Uppsafnaður viðskiptaafgangur frá 2014 nemur þannig nærri 500 milljörðum. Þótt færa megi fyrir því rök að trúverðugleiki peningastefnunnar hafi aukist á undanförnum árum hefur flestum verið ljóst að hún þarfnaðist endurskoðunar, einkum með hliðsjón af þessari byltingu á íslenska hagkerfinu. Með þeirri vönduðu skýrslu sem starfshópur um endurmat peningastefnunnar kynnti í vikunni hefur nú verið lagður grunnur að því að hrinda af stað nauðsynlegum aðgerðum til að bæta efnahags- og fjármálalegan stöðugleika til langs tíma.

Þegar rætt er um ólíkar stefnur í peninga- og gjaldmiðlamálum vill iðulega gleymast að valið snýst í raun öðrum þræði um mismunandi slæma valkosti. Það eru engar töfralausnir í boði heldur skiptir mestu máli, eins og starfshópurinn leggur áherslu á í skýrslunni, að farið sé eftir þeim leikreglum sem hvert fyrirkomulag krefst á hverjum tíma. Þar hafa Íslendingar hins vegar jafnan verið eftirbátar ríkja á hinum Norðurlöndunum. Lausatök í ríkisfjármálum og óstöðugleiki á vinnumarkaði, þar sem jafnan er samið um launahækkanir langt umfram verðmætasköpun, hefur valdið því að Íslendingar hafa búið við þrálátar sveiflur í peningamálum. Niðurstaðan af því að virða að vettugi þessi lögmál hagfræðinnar hefur verið meiri verðbólga og hærri vextir en þekkist í okkar nágrannaríkjum.

Tillögur starfshópsins, meðal annars að vægi fjármálastöðugleika verði aukið í starfsemi Seðlabankans samhliða því að hlutverk FME er minnkað og að húsnæðisverð sé undanskilið þeirri vísitölu sem lögð er til grundvallar verðbólgumarkmiði, eru flestar skynsamlegar. Þá er útskýrt réttilega í skýrslunni að það myndi fela í sér óásættanlega áhættu fyrir fjármálastöðugleika ef farin yrði sú leið að framfylgja fastgengisstefnu í gegnum myntráð. Hagsaga Íslands gefur ekki tilefni til að ætla að stjórnvöld og atvinnulífið hafi þann aga sem til þarf til að framfylgja trúverðugri fastgengisstefnu. Slíkir augljósir veikleikar í efnahagsmálum þjóðarinnar hverfa ekki við það eitt að breytt sé um gjaldmiðilsstefnu. Undir myntráði væru íslenskar fjármálastofnanir án lánveitanda til þrautavara sem aftur myndi auka stórlega líkur á áhlaupi á bankakerfið og gjaldmiðilinn um leið og fastgengið hætti að endurspegla undirliggjandi efnahagsstærðir.

Forsætisráðherra hefur sagt að næsta skref sé að skipa nefnd sem eigi að útbúa frumvarp um breytingar á lögum um Seðlabankann á grundvelli þeirra tillagna sem núna hafa birst. Þeirri stefnumörkun ber að fagna enda er ekki eftir neinu að bíða. Slík frumvörp hljóta að birtast ekki síðar en næsta þingvetur. Mikilvægt er hins vegar að eftirláta þá vinnu ekki aðeins embættismönnum Seðlabankans, fjármálaráðuneytisins og FME. Lærdómur síðustu ára hefur sýnt að pólitískt eignarhald, þar sem fyrir liggur skýr sýn ríkisstjórnarinnar um hvert eigi að stefna, er forsenda árangurs í slíku verkefni. Að öðrum kosti mun þá vegferð skorta umboð og árangurinn verður í samræmi við það.

**Lærdómur síðustu ára hefur sýnt að pólitískt eignarhald er forsenda árangurs í slíku verkefni.**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Lýðgeðheilsuúrræði RÚV?**
**Íslandsheimsókn Jordans Peterson vakti gríðarlega athygli og heitar deilur enda virðist manninum hafa tekist að kljúfa þjóðina í tvennt; annars vegar þá sem gapa af hrifningu yfir boðskap hans og hins vegar þá sem hafa megna skömm á kenningum hans. Útvarp allra landsmanna virðist hafa kosið að vernda geðheilsu þjóðarsálarinnar með því að láta heimsókn Petersons alveg fram hjá sér fara. Sérkennilegt í ljósi áhugans á manninum og þeirrar staðreyndar að Facebook og athugasemdakerfi vefmiðlanna hafa beinlínis staðið í ljósum logum.**

**Umdeildur utan kastljóssins**
**Viðtal Þorbjörns Þórðarsonar við Peterson á Stöð 2 hefur fengið heilmikið áhorf og viðtal Frosta í Harmageddon hefur verið spilað rúmlega 24.000 sinnum. Miðað við RÚV.is mætti aftur á móti ætla að maðurinn hafi aldrei komið til landsins. Fréttamaðurinn Einar Þorsteinsson hafði þó bókað Peterson í Kastljósviðtal en missti af tækifærinu til að grilla Peterson, eins og honum einum er lagið, vegna veikinda. Óljóst er hvort Einar sjálfur lagðist í pest eða að almennt streitustig hjá vel mannaðri stofnuninni hafi ráðið því að umdeildum hugmyndum Petersons var ekki varpað yfir landslýð, eins og sumir einarðir Peterson-menn láta í veðri vaka.**
**thorarinn@frettabladid.is**

# Viðbrögðin við #metoo



Sonja Ýr Þorbergsdóttir
lögfræðingur BSRB

BSRB og önnur heildarsamtök launafólks ásamt Kvenréttindafélagi Íslands buðu #metoo konum til fundar í vetur um næstu skref byltingarinnar. Niðurstaða fundarins fól í sér kröfur um aðgerðir atvinnurekenda, stjórnvalda, stéttarfélaga og einstaklinga.

Háværasta krafan var sú að atvinnurekendur setji í forgang fyrirbyggjandi aðgerðir gegn kynbundinni áreitni, kynferðislegri áreitni og öðru ofbeldi á vinnustöðum. Liður í því er að taka umræðuna á vinnustöðum, auka fræðslu, axla ábyrgð samkvæmt lögum með gerð áhættumats og skriflegrar áætlunar um forvarnir og grípa til sýnilegra aðgerða.

Nýlega framkvæmdi Halla María Ólafsdóttir, MPM í verkefnastjórnun, rannsókn meðal 100 stærstu vinnustaða landsins til að kanna hvort #metoo umræðan hefði haft áhrif á vinnustaðamenningu þeirra. Niðurstöðurnar sýna meðal annars að rúmlega fjórðungur af þessum stærstu vinnustöðum landsins hefur ekki framkvæmt áhættumat og 12 prósent hafa ekki unnið áætlun um forvarnir líkt og þeim er skylt að gera. Stjórnendur telja almennt að mikil áhersla sé lögð á jafnrétti kynjanna á þeirra vinnustöðum. Þrátt fyrir það hefur um helmingur þeirra enga jafnlaunastefnu og 12 prósent enga jafnréttisstefnu sem þeim ber að hafa samkvæmt lögum. Rétt innan við helmingur vinnustaðanna hefur brugðist við #metoo umræðunni með því að bjóða upp á fræðslu og mótað eða breytt verkferlum. Um þriðjungur þeirra hefur ekki gert neitt af því sem spurt var um, til dæmis haldið fund, staðið fyrir fræðslu, mótað eða breytt verkferlum eða stofnað nefnd.

Hér á landi eru um 17 þúsund launagreiðendur. Rannsóknin tók eingöngu til þeirra 100 stærstu, sem flestir ef ekki allir hafa mannauðsstjóra að störfum og jafnvel mannauðsdeild. Eftir stendur spurningin hvernig aðrir íslenskir vinnustaðir hafa brugðist við #metoo umræðunni.

Niðurstöður Höllu Maríu sýna hversu mikilvægt það er að hafa eftirlit með atvinnurekendum til að tryggja að öryggi starfsfólks og jafnrétti kynjanna verði stóreflt líkt og hefur verið skýr krafa #metoo kvenna. Einnig þarf að breyta lögum til að stuðla að því að atvinnurekendur framfylgi skyldum sínum þannig að það varði þá háum sektum ef þeir sinna ekki forvörnum og upprætingu kynbundinnar áreitni, kynferðislegrar áreitni og annars ofbeldis á vinnustöðum.

**Rétt innan við helmingur vinnustaðanna hefur brugðist við #metoo umræðunni með því að bjóða upp á fræðslu og mótað eða breytt verkferlum.**

Blekhylki.is


Blekhylki.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is,* Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is,* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Samfélagið vill að Steindi starfi í banka

**Í DAG**



Þórlindur Kjartansson

Á hverju ári þegar tekjublöðin svokölluðu koma út þá dettur mér ekki í hug að kaupa þau, enda hef ég megnustu skömm á þeirri endemis hnýsni í einkamálefni fólks. Þess í stað bíð ég eftir því að einhver annar kaupi blaðið og beri ósómann inn á heimilið. Þá get ég laumast í það þegar enginn sér til. Þannig komst ég í nýjasta hefti Frjálsrar verslunar. Það fylgir gamalli og þaulkunnugri forskrift. Og þegar ég fletti í gegnum blaðið fyllist ég nákvæmlega sömu tilfinningum ár eftir ár.

**Forstjórinn og frumkvöðullinn**

Fyrst er farið yfir forstjórana. Ég verð almennt hvorki reiður eða öfundsjúkur út í þá. Flestir þeirra eru örugglega að leggja mjög mikið á sig til þess að skapa verðmæti, þeir bera mikla ábyrgð og fá góð laun því það er rétt og sanngjarnt að þeir fái mjög vel greitt fyrir framlag sitt. Þeir búa líka margir við frekar takmarkað starfsöryggi og þurfa að safna góðum forða til þess að geta lifað mögru árin í sambærilegum lystisemdum og samfélagsstaða þeirra mælir fyrir um. Reyndar fara laun sumra forstjóra í taugarnar á mér; til dæmis þeirra sem hefur augljóslega verið plantað til að stýra einokunarbatteríum (oft hálfríkisreknum) eða fyrirtækjum þar sem augljóst er að hvaða órangútani sem er gæti ekki haft minnstu raunverulegu áhrif á gengi félagsins.

En á hinn bóginn er á forstjóralistanum að finna stóran hóp af fólki sem alþjóð veit að hefur byggt upp af dugnaði og harðfylgi frábær fyrirtæki, en greiðir sér engu að síður laun sem myndu ekki duga til þess að ráða bæjarstjóra nokkurra hundraða manna þorps úti á landi. Það er reyndar nokkurs konar regla að hinir raunverulegu frumkvöðlar í forstjórastétt raða sér í allra neðstu sætin á launalistanum ár hvert.

**Ýmsi maðurinn**

Tekjublað Frjálsrar verslunar skoðar svo sérstaklega starfsmenn fjármálafyrirtækja og þar er nokkurra hundraða manna listi af vel snyrtu og greindu fólki sem enginn veit almennilega hvað gerir—nema að það er mjög mikilvægt og felur í sér mikla notkun á tölvupósti, töflureiknum og laxveiðistöngum. Ég hef sjálfur verið starfsmaður í fjármálafyrirtæki og get ekki leyft mér mikla hneykslan yfir laununum þar, en þau vekja samt upp ákveðnar spurningar.

Því næst kemur mjög áhugaverður flokkur sem heitir „Næstráðendur og fleiri“. Þarna er gjarnan að finna samansafn fólks sem er einhvers konar „stjörnur“ í atvinnulífinu. Þetta er líka mjög snyrtilegt fólk (en þó ekki eins) sem kann að tala mjög flókið og reikna mjög einfalt; og hefur alla kosti sem prýtt gætu forstjóra stórs fyrirtækis, en er nógu skynsamt til þess að nenna ekki að standa í því.

**Og vissulega er það uppörvandi fyrir mig persónulega að sjá að í hópi pistlahöfunda fái að minnsta kosti einn almennileg forstjóralaun. Það er nefnilega ekki rétt, sem margir halda, að það sé geggjaður peningur í pistlahöfundabransanum. Það er til dæmis miklu meira upp úr því að hafa fyrir mig persónulega að sitja á fundum og steinþegja heilu og hálfu dagana heldur en að kreista út svona pistla einu sinni í viku.**

Þar á eftir kemur svo allra skemmtilegasti og skrýtnasti hópurinn: „Ýmsir menn úr atvinnulífinu“ en þar er að finna alls konar safn fyrrverandi forstjóra og sjálfstætt starfandi sérfræðinga, skilanefndarfursta, fjárfesta og ráðgjafa. Þessir ýmsu menn hafa það líklega best af öllum í hvítflibbastétt; því þeir þurfa hvorki að ráða yfir öðru fólki eða sæta því að aðrir ráði yfir þeim. Mér hefur alltaf þótt þetta vera mjög spennandi flokkur, og el með mér þann draum að geta einhvern tímann skráð starfstitil minn í símaskránni sem „Ýmis maður úr atvinnulífinu“.

Tekjublaðið birtir líka yfirlit yfir laun í stéttum fólks sem vinnur það sem kallast mætti „alvöru vinna“; til dæmis flugfólks, presta, lækna, sjómanna og blaðamanna. Ég verð aldrei reiður eða öfundsjúkur þegar ég les um að fólk í þessum hópum fái góð laun; og reyndar fyndist mér að margir þar mættu fá mun betur borgað. Svo sést það líka í tekjublöðunum að þeir sem taka að sér að sinna ýmiss konar hugsjónastarfi; til dæmis fyrir atvinnurekendur eða launþega, eða sem þingmenn og sveitarstjórar, passa vel upp á að gleyma ekki sjálfum sér alveg í allri fórnfýsinni.

Og vissulega er það uppörvandi fyrir mig persónulega að sjá að í hópi pistlahöfunda fái að minnsta kosti einn almennileg forstjóralaun. Það er nefnilega ekki rétt, sem margir halda, að það sé geggjaður peningur í pistlahöfundabransanum. Það er til dæmis miklu meira upp úr því að hafa fyrir mig persónulega að sitja á fundum og steinþegja heilu og hálfu dagana heldur en að kreista út svona pistla einu sinni í viku.

**Steindi sterkur**

Engu að síður má slá því föstu að síðasta ár hafi verið býsna gott fyrir leikarann, tónlistarmanninn og skemmtikraftinn Steinþór Hróar Steinþórsson—Steinda jr. Hann lék líka í fjölmörgum kvikmyndum, sjónvarpsþáttum og sló í gegn úti um allan heim bæði í bíómyndum og auglýsingum. Þessi miklu afrek skiluðu honum í annað sæti á lista Frjálsrar verslunar yfir tekjuhæstu listamenn landsins, sá eini sem var fyrir ofan hann var metsöluhöfundur sem vinnur í banka.

Það heyrist yfirleitt enginn hneykslast á þeim örfáu skiptum sem íslenskir tónlistarmenn, rithöfundar og aðrir listamenn bera vel úr býtum. Þeir hafa ekki farið í neins konar snúninga til þess að ná til sín verðmætum heldur hafa þeir búið til úr engu eitthvað nýtt sem aðrir voru tilbúnir að borga fyrir. Við bara gleðjumst með þeim.

Það segir líka margt um velgengni Steinda jr. að í tekjublaði Frjálsrar verslunar voru ekki nema 118 starfsmenn fjármálafyrirtækja sagðir hafa verið með hærri laun á síðasta ári. Þannig að þegar öllu er á botninn hvolft þá myndi maður sem hefur jafnaugljósar gáfur, hæfileika, dugnað og persónutöfra og Steindi jr. hafa það miklum mun betra ef hann sérhæfði sig í núvirðisútreikningi frjáls sjóðflæðis heldur en að halda áfram í þessu listamannaharki. Það væri líka miklu betra fyrir samfélagið, hlýtur það ekki að vera?

# Takk fyrir hjálpina



Bryndís Víglundsdóttir
fv. skólastjóri Þroskaþjálfaskóla Íslands

Mig langar að koma þakklæti mínu á framfæri við lækna, hjúkrunarfræðinga og ALLT starfsfólk heilbrigðisþjónustu okkar. Undanfarið hef ég þurft mikið á þessari þjónustu og hjálp að halda og hvort tveggja var mér veitt af mikilli fagmennsku og fagurri góðmennsku.

Ég var í tvígang í stóru rými þar sem lágu margir veikir einstaklingar í mismunandi ástandi. Sumir voru ekki alveg skýrir í hugsun og heyrði ég nokkrum sinnum athugasemdir tilkomnar vegna þoku í huganum. Aldrei heyrði ég annað en þessu væri mætt með góðvild og af lagni.

Ég geri ráð fyrir að ég hlusti á samskipti fagmanna og skjólstæðinga þeirra á annan hátt en margur annar því að ég vann við það til fjölda ára að meta frammistöðu fagfólks í ákveðinni starfsgrein og veita því umsagnir ásamt ábendingum um bætta starfshætti ef þörf var á.

Það heyrist stundum að fólk fullyrðir að gamalt fólk fái rýrari þjónustu í heilbrigðiskerfinu en yngra fólk. Þetta rímar ekki við mína reynslu. Þegar ég þurfti hjálp var ekkert látið ógert til að fá skilning á vanda mínum, fjöldi rannsókna gerður og hvergi slegið af. Aðrir sjúklingar fengu sams konar hjálp og þjónustu- og flest vorum við komin af „besta aldri“!

Þegar ég svo fór heim var ég kvödd með orðunum: „Ef þú hressist ekki fljótt skaltu endilega koma aftur. Ekki hika við það. Við erum hér til að taka á móti þér.“

Það veitir mér gleði og öryggi að mega treysta þessum viðhorfum.

Takk fyrir hjálpina.



FRÉTTABLAÐIÐ
# SPORT

**8**
**DAGAR í HM**



**Birkir Bjarnason**

**Aldur:** 30
**Staða:** Miðjumaður
**Félag:** Aston Villa
**Landsleikir:** 67/9 mörk




Gylfi Þór Sigurðsson skýtur að marki Gana í aðdraganda seinna marks íslenska liðsins í leiknum sem Alfreð Finnbogason skoraði. Gylfi Þór var öflugur í sínum fyrsta byrjunarliðsleik síðan hann meiddist í leik með Everton í lok mars fyrr á þessu, en hann lék rúman klukkutíma í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Kaflaskipt í síðasta leiknum fyrir Rússlandsförina

Ísland gerði 2-2 jafntefli við Gana í síðasta leik liðsins fyrir HM í Rússlandi. Frammistaðan í fyrri hálfleik var góð en í þeim seinni gáfu Íslendingar mikið eftir og köstuðu frá sér sigrinum, annan leikinn í röð. Gylfi Þór Sigurðsson lék í tæpar 70 mínútur og leit vel út. Leikmenn íslenska liðsins sluppu við meiðsli í leiknum.

**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðið missti niður tveggja marka forskot í síðasta leiknum fyrir HM í Rússlandi í gær. Ísland gerði þá 2-2 jafntefli við Gana á Laugardalsvellinum í fyrsta leik þjóðanna. Kári Árnason og Alfreð Finnbogason skoruðu mörk Íslands í fyrri hálfleik. Frammistaðan í honum var góð en öllu síðri í þeim seinni.

Ísland hefur nú leikið fjóra leiki í röð án sigurs og fengið á sig 11 mörk í þeim. Ef Íslendingar spila svipaðan varnarleik og þeir gerðu í seinni hálfleik er hætt við að illa fari í Rússlandi. En ef síðustu ár hafa kennt manni eitthvað, þá er það að íslenska liðið spilar alltaf best þegar allt er undir. Árangurinn í vináttulandsleikjum á undanförnum árum hefur verið dapur en aðra sögu er að segja af árangrinum í keppnisleikjum. Og það eru þeir sem öllu máli skipta.

Heimir Hallgrímsson gerði fimm breytingar á byrjunarliðinu frá leiknum gegn Noregi á laugardaginn. Út fóru Frederik Schram, Birkir Már Sævarsson, Hörður Björgvin Magnússon, Rúrik Gíslason og Jón Daði Böðvarsson. Inn komu Hannes Þór Halldórsson, Hólmar Örn Eyjólfsson, Ari Freyr Skúlason, Gylfi Þór Sigurðsson og Björn Bergmann Sigurðarson.

Íslenska liðið byrjaði leikinn af krafti og á strax á 6. mínútu komst Alfreð Finnbogason í dauðafæri en skot hans fór af varnarmanni og aftur fyrir. Jóhann Berg Guðmundsson tók hornspyrnuna og sendi á kollinn á Kára sem skoraði sitt fimmta landsliðsmark. Víkingurinn fékk gott færi til að skora sitt annað mark í seinni hálfleik en skalli hans eftir aukaspyrnu var varinn.



Leikmenn íslenska liðsins fagna marki Alfreðs. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Á 40. mínútu tvöfaldaði Alfreð forskotið þegar hann skoraði með skalla af stuttu færi eftir að Lawrence Ati-Zigi varði skot Gylfa sem var besti leikmaður vallarins þær 67 mínútur sem hann var inni á vellinum. Það var ekki að sjá að hann væri að koma aftur eftir þriggja mánaða fjarveru og það eru frábærar fréttir. Íslenska liðið náði nokkrum góðum spilköflum í fyrri hálfleik og Gylfi var þar jafnan í aðalhlutverki. Framherjarnir voru einnig virkir í fyrri hálfleik; Alfreð skoraði í öðrum landsleiknum í röð og Björn Bergmann lét til sín taka og vann vel. Þá var Jóhann Berg ógnandi á hægri kantinum.

Hólmar Örn Eyjólfsson lék í stöðu hægri bakvarðar og komst þokkalega frá sínu. Ótal leikmenn hafa verið prófaðir í þeirri stöðu á undanförnum árum en enginn nýtt tækifærið nægilega vel. Birkir Már var tæpur vegna meiðsla og því var engin áhætta tekin með Valsmanninn í gær.

Íslenska liðið tók fótinn af bensíngjöfinni í seinni hálfleik og Ganverjar sóttu smám saman í sig veðrið. Á 66. mínútu minnkaði Kasim Nuhu muninn í 2-1 með góðu skoti eftir hornspyrnu. Varnarleikur íslenska liðsins var ekki merkilegur í því atviki. Hann var engu betri þegar Thomas Partey jafnaði metin á 87. mínútu með skoti af stuttu færi eftir fyrirgjöf Franks Acheampong.

### Vináttulandsleikur

**Ísland 2-2 Gana**
(2-0)

**1-0** Kári Árnason (6.), **2-0** Alfreð Finnbogason (40.), **2-1** Kasim Nuhu (60.), **2-2** Thomas Partey (87.)

**Byrjunarlið Íslands (4-4-2):** Hannes Þór Halldórsson; Ari Freyr Skúlason, Kári Árnason, Ragnar Sigurðsson, Hólmar Örn Eyjólfsson; Birkir Bjarnason (Sverrir Ingi Ingason '76), Emil Hallfreðsson (Ólafur Ingi Skúlason ('88), Gylfi Þór Sigurðsson (Rúrik Gíslason '67), Jóhann Berg Guðmundsson; Alfreð Finnbogason (Jón Daði Böðvarsson '65), Björn Bergmann Sigurðarson (Arnór Ingvi Traustason ('90).

Niðurstaðan var því svekkjandi 2-2 jafntefli. Ekki besta veganestið til að taka með til Rússlands en það er þó fyrir öllu að allir leikmennirnir virtust komast heilir frá leiknum. Leikmenn íslenska liðsins fá frí í dag og halda svo til Rússlands í fyrramálið. Frammistaðan í leiknum í gær var fín í fyrri hálfleik. Það verður þó að taka með í reikninginn að Gana tefldi ekki fram sínu sterkasta liði og var með marga lítt reynda leikmenn. Ganverjar áttu ágætar sóknir en sköpuðu fá afgerandi færi. Þótt gestirnir hafi stöku sinnum fundið pláss fyrir aftan íslensku miðjumennina stóð varnarlínan vaktina vel. **ingvithor@frettabladid.is**

## England og Portúgal með örugga sigra

**FÓTBOLTI** England og Portúgal fara með gott veganesti á heimsmeistaramótið í knattspyrnu karla í Rússlandi, en liðin unnu góða sigra í síðustu leikjum sínum fyrir mótið sem fram fóru í gærkvöldi.

England fór með 2-0 sigur af hólmi þegar liðið mætti Kostaríka á Elland Road. Marcus Rashford sem leiddi framlínu enska liðsins kom Englandi yfir eftir rúmlega tíu mínútna leik þegar hann skoraði með stórglæsilegu skoti sem Keylor Navas réð ekki við. Gareth Southgate gerði tíu breytingar á byrjunarliði sínu frá sigri liðsins gegn Nígeríu um síðustu helgi og nýtti leikinn til að gefa leikmönnum færi til að sýna sig og sanna fyrir stóra sviðið á HM.

Danny Welbeck kom svo inn á sem varamaður og bætti öðru marki Englands við þegar um það bil stundarfjórðungur var eftir af leiknum. Hann skallaði þá sendingu Dele Alli í autt markið af stuttu færi. Meðal leikmanna sem fengu tækifæri hjá enska liðinu var Trent Alexander-Arnold, leikmaður Liverpool, sem lék sinn fyrsta A-landsleik. England er í G-riðli mótsins ásamt Belgíu, Túnis og Panama. Kostaríka er í E-riðli með Serbíu, Brasilíu og Sviss.



Portúgal fer einnig á heimsmeistaramótið með sigur í farteskinu, en liðið sigraði Alsír 3-0. Goncalo Guedes skoraði tvö mörk og Ruben Fernandes bætti því þriðja við. Portúgal er í B-riðlinum á HM með nágrönnum sínum, Spánverjum, Marokkó og Íran sem leikur undir stjórn Portúgalans Carlos Quieroz. **– hó**

## Hildigunnur til Dortmund

**HANDBOLTI** Hildigunnur Einarsdóttir, landsliðskona í handbolta, skrifaði í gær undir eins árs samning við Dortmund í Þýskalandi. Hún kemur til Dortmund frá Hypo Nö í Austurríki þar sem hún varð meistari á dögunum.

Hildigunnur var að skoða möguleikana á að koma heim til Íslands að loknu tímabilinu í Austurríki en snerist hugur vegna áhuga erlendis. Hefur hún áður leikið með Leipzig og VL Koblenz/Weibern í Þýskalandi en hjá Dortmund hittir hún fyrir þjálfara sinn frá Leipzig.

Hin þrítuga Hildigunnur á að baki 74 landsleiki fyrir Íslands hönd og hefur skorað í þeim 78 mörk. **– kpt**


KRÓNAN
Chili Bernaise
fylgir frítt
með fyrstu
1000
pökkunum af
fyrirliðanum
Gerðu þinn eigin
Fyrirliða!
ÍSLENSKA
HAMB
ORGARA
FABRIK
KAN
2010
CHILI BERNAISE SÓSAN
Chili Bernaise sósan, 300 ml
499 kr. stk.
FYRIRLIÐA
2 hamborgarar og brauð, salt og pipar
1199 kr. pk.
POMMES FRITES
Gestur franskar, 900 g
399 kr. pk.
TAGA
SERRANO
Taga Serrano Skinka 60g
399 kr. pk.
100%
hamborgara-
búðin þín!
120g - 579 kr. pk.
175g - 859 kr. pk.
★★★
NÝ AÐFERÐ
Betri hamborgari!
★★★
alltaf 2 stk. í pakka
ENGIN AUKEFNI
100%
UNGNAUTAHAKK
GOURMET
CHILI-PIPAR
BORGARAR
NORÐLENSKA
GOURMET
GRÁÐAOSTA
BORGARAR
NORÐLENSKA
GOURMET
BEIKON
BORGARAR
NORÐLENSKA
Fylltir hamborgarar, 2x120 g
599 kr. pk.
Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Tilboðin gilda til 10. júní eða meðan birgðir endast. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

BAKARÍIÐ




**Steinbakað brauð**

Steinbakað eftir aldargamalli franskri hefð, deigið er látið hefast í 24 tíma fyrir bakstur

**Ítalía pestó**

Toppaðu brauðið með einstöku pestói frá Ítalíu

Tilboð gilda út 10. júní




20% afsláttur

**Toro súpur**

Einfalt og þægilegt

Verð frá **175** kr/pk
Verð áður 219




50% afsláttur

**Katla hrista & baka**

Vöfflu- og pönnsumix

**154** kr/pk
Verð áður 309




**NÝJUNG**

**La Boulangére**

Franskt brioche brauð, margar tegundir

Verð frá **199** kr/pk




**NÝJUNG**

**Freyja spyrnur**

Lakkrís-spyrnur og Föds-spyrnur

**399** kr/pk




20% afsláttur

**Kex smiðjan vínabrauð**

Með og án súkkulaði

**399** kr/pk
Verð áður 499




**Ripped Tropical**

Orka, brennsla og endurheimt

**279** kr/stk



Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

# *Meira* svona *alla daga*






**Rufus Teague BBQ sósur**

Gerir góðan grillmat betri

verð frá **899** kr/stk

**Grískar lambatvírifjur**

**2.879** kr/kg

Verð áður 3.599 kr/kg

**Ferskur maís**

**199** kr/stk




**Úrbeinuð kjúklingalæri**

**2.039** kr/kg

Verð áður 2.399 kr/kg




**Poussin 1/2 kjúklingur**

**769** kr/kg

Verð áður 1.099 kr/kg




**Kjúklingavængir**

**299** kr/kg

Verð áður 399 kr/kg

HAGKAUP *Meira* svona *alla daga*

# Þetta var eins og landsliðsúrtak

**Björgvin Páll Gústavsson og félagar í íslenska handboltalandsliðinu mæta Litháen í Vilníus í dag í fyrri leik liðanna um sæti á HM á næsta ári. Hann er ánægður með hvernig undirbúningurinn hefur gengið og er spenntur fyrir ungu leikmönnunum í íslenska liðinu.**

**HANDBOLTI** Þrátt fyrir að hafa ekki spilað leik í rúman mánuð, eða síðan Haukar féllu úr leik í undanúrslitum Olís-deildar karla, segist Björgvin Páll Gústavsson vera klár í slaginn fyrir leikina mikilvægu gegn Litháen í umspili um sæti á HM 2019.

„Ég fékk nokkurra daga í frí eftir að tímabilið kláraðist en svo tóku æfingar með landsliðinu við. Þetta hafa verið skemmtilegar æfingar og geggjað að taka þátt í þessum undirbúningi. Maður er vanur að koma seint inn í hann en ekki núna,“ sagði Björgvin í samtali við Fréttablaðið. Hann lék með Haukum í vetur en gengur í raðir nýkrýndra Danmerkurmeistara Skjern fyrir næsta tímabil.

Björgvin segist hafa fylgst grannt með sínum verðandi liðsfélögum í baráttunni um danska meistaratitilinn.

„Ég fylgdist mjög vel með úrslitakeppninni í Danmörku og þetta var mjög ánægjulegt. Það verður gott að labba inn í svoleiðis umhverfi,“ sagði Björgvin sem hefur verið í góðu sambandi við forráðamenn Skjern.

„Þeir eru alltaf í sambandi við mig. Þetta er þannig félag og þannig fyrirtæki að þeir halda sínu fólki ánægðu. Þeir taka stöðuna á mér reglulega og eru spenntir fyrir næsta tímabili.“

Íslenska landsliðið hefur tekið talsverðum breytingum að undanförnu. Björgvin segir að sér lítist vel á nýju mennina í landsliðinu.



Björgvin Páll Gústavsson hlýðir á Guðmund Guðmundsson á landsliðsæfingu á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

„Það er gaman að sjá þessa miklu breidd sem 30 manna hópurinn bjó til. Þetta var eins og landsliðsúrtak. Það vildu allir sýna sig og sanna og berjast fyrir sínu sæti,“ sagði landsliðsmarkvörðurinn en Guðmundur Guðmundsson valdi upphaflega 30 leikmenn í hópinn fyrir leikina gegn Litháen.

„Það var gaman að sjá menn verða betri og betri með hverri æfingunni. Þetta var erfitt val eins og Gummi sagði. Það gáfu allir allt sem þeir áttu á þessum æfingum.“

Björgvin segir að íslenski hópurinn sé meðvitaður um styrk Litháa, þótt almenningur kunni að vanmeta lið þeirra.

„Þetta er hörkulið. Þó svo hinn almenni borgari þekki ekki mikið af leikmönnum þarna eru þetta sterkir leikmenn sem hafa spilað vel að undanförnu. Norðmenn töpuðu fyrir þeim í undankeppni EM og Frakkar lentu í vandræðum með þá,“ sagði Björgvin.

„Það á að sýna mönnum að þetta er ekkert grín, og hvað þá fyrir lið eins og okkur sem er í kynslóðaskiptum og hefur ekki spilað sinn besta bolta síðustu 5-6 ár. Við erum með betra lið en þeir eru með frábært byrjunarlið. Breiddin er kannski þeirra vandamál en það er spurning hversu mikið hún nýtist í svona tveimur leikjum.“

ingvithor@frettabladid.is





IONIQ

ÞRJÁR RAFMAGNAÐAR GERÐIR

Verð frá 3.590.000 kr.

Hyundai hefur haslað sér völl sem einn framsæknasti bílaframleiðandi heims á sviði raf- og vetnistækni. Við bjóðum Ioniq rafbílinn í þremur glæsilegum útfærslum.

Ioniq rafbílalína Hyundai er sú eina sinnar tegundar á markaðnum og spannar allt frá 100% rafbíl til Hybrid og tengjanlegra Plug-in Hybrid tvinnbíla sem hafa unnið til fjölda umhverfisverðlauna á undanförnum misserum.

HYUNDAI

8 YEAR / 200.000 KM BATTERY WARRANTY*

5 ÁRA ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

ENNEMM / SÍA / NM88339

# Opnaðu á lægra eldsneytisverð!



## -20KR.

**af hverjum lítra**
**í fyrsta sinn sem þú dælir**

## -16KR.

**af hverjum lítra**
**á afmælisdaginn þinn**

## -11KR.

**Allt að 11 kr. af hverjum lítra**
**með afsláttarþrepum Orkunnar**

Með því að nota Orkulykilinn tryggirðu þér lægra eldsneytisverð í hvert skipti sem þú dælir. Það er einfalt og fljótlegt að sækja um og virkja lykilinn. Nældu þér í Orkulykilinn og byrjaðu að spara.

**Sæktu um Orkulykil á orkan.is**

ORKAN

## Merkisatburðir

**68** Ár keisaranna fjögurra hefst þegar Galba verður Rómarkeisari.

**1042** Játvarður góði verður Englandskonungur við lát Hörða-Knúts.

**1435** Dómkirkjan í Uppsölum er vígð.

**1456** Halastjarna Halleys birtist á himni.

**1624** Jarðskjálfti skekur Perú.

**1783** Skaftáreldar hefjast. Í kjölfar þeirra fylgdu Móðuharðindin.

**1789** Jarðskjálftar hefjast á Suðurlandi. Skjálftar komu með allt að tíu mínútna millibili og stóðu í viku.

**1887** Herman Hollerith fær einkaleyfi á stimpilklukku.

**1913** Ólympíuleikvangurinn í Berlín, Deutsches Stadion, vígður.

**1919** Kaupfélag Dýrfirðinga stofnað á Mýrum.

**1965** Syrtlingur rís úr sæ austnorðaustur af Surtsey.



**Martin Luther King.**

**1968** James Earl Ray er handtekinn fyrir morðið á dr. Martin Luther King, Jr.

**1968** Robert F. Kennedy er jarðsettur.

**1978** Intel sendir frá sér Intel 8086-örgjörvann, fyrsta örgjörvann sem byggði á x86-hönnun.

**1986** Fyrrverandi aðalritari Sameinuðu þjóðanna, Kurt Waldheim, er kosinn forseti Austurríkis.

**1990** Fyrstu lýðræðislegu kosningarnar í Tékkóslóvakíu frá 1945 fara fram.

**1990** Heimsmeistaramót landsliða í knattspyrnu karla hefst á Ítalíu.

**1990** Eldur kemur upp í norska olíuflutningaskipinu Mega Borg og 125.000 tonn af olíu renna út í Mexíkóflóa.

**1992** Alþjóðlegur dagur hafsins er haldinn hátíðlegur í fyrsta sinn og fer saman við Heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun.

**1996** Evrópukeppnin í knattspyrnu 1996 hefst á Englandi.

**1999** Ríkisstjórn Kólumbíu tilkynnir að tekjur af ólöglegri eiturlyfjaframleiðslu verði reiknaðar með í vergri landsframleiðslu.

**2002** Íslensk stjórnvöld neita meðlimum Falun Gong-hreyfingarinnar um landvistarleyfi af ótta við mótmæli í tengslum við opinbera heimsókn Jiang Zemin til Íslands.

**2003** Kjósendur í Póllandi samþykkja aðild að Evrópusambandinu.

**2004** Reikistjarnan Venus gengur fyrir sólu séð frá jörðu. Þetta gerðist síðast árið 1882.

**2007** Bandaríska teiknimyndin Surf's Up frumsýnd.

**2008** Vatnajökulsþjóðgarður stofnaður á Íslandi.

**2009** Mótmælt er við Alþingi og smápeningum kastað í húsið. Daginn eftir stóð í Morgunblaðinu að eldar hefðu verið slökktir en ekki reiði.






**Valli var hress og kátur í veislunni í gær. Eðlilega. Það er alltaf gaman að eiga afmæli, hvað stórafmæli.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Finnst fínt að rétta kyndilinn til annara

**Valgeir Magnússon, Valli Sport eða Valli Pipar, fagnaði 50 ára afmæli sínu um helgina. Hann hélt gleði fyrir vinnufélaga í gær. Hann segist hlakka til að takast á við næstu 50 árin og öll þau tækifæri sem bíða hans en þó sérstaklega við afahlutverkið.**

Næstu 50 árin verða ekki síður fjölbreytt og jafnvel fjölbreyttari þó hlutverk manns breytist. Trúlega fer ég meira að leiðbeina en að gera – eins fjölskyldulega séð, en ég verð afi í desember," segir Valgeir Magnússon, sem landsmenn þekkja undir nafninu Valli Sport eða Valli Pipar.

Valli fagnaði 50 ára afmæli sínu á föstudaginn fyrir viku og bauð til sín sínu nánasta fólki og fjölskyldu. Alls mættu 50 manns til hans. En ekki hvað. Í gær var svo slegið upp veislu á auglýsingastofunni Pipar/TBWA þar sem Valli er stjórnarformaður. Þar voru vinnufélagar hans mættir en þeir eru um 100 þar sem Valli er með puttana í Ghostlamp og Nordic Angling auk Pipars/TBWA.

**Ef ég þarf að ná jarðtengingu fer ég á kajak og sigli seglskútu eða smíða eitthvað.**

„Venjulegur dagur hljómar þannig að ég vakna snemma og hleypi hundunum út og passa að hvolpurinn sé ekki búinn að gera þarfir sínar innandyra. Svo fer ég yfir helstu fréttir og er yfirleitt mættur í vinnu um átta. Þá liggja fyrir verkefni dagsins, hvort sem það eru fundir, að skrifa texta í auglýsingu, sjá um hlutafjárútboð, semja við skrifstofu í Dúbaí eða kenna einhverjum í Los Angeles hvernig á að nota áhrifavalda í auglýsingum.

Ég lifi fjölbreyttu lífi. Ég get fengið símtal frá tónlistarmanni sem vantar texta við lag og þá sest ég inn á kaffihús og skrifa texta, svo er ég að klára mína þriðju skáldsögu. Ef ég þarf að ná jarðtengingu fer ég á kajak og sigli seglskútu eða smíða eitthvað. Fer jafnvel til Hríseyjar þar sem við eigum hús og erum að koma af stað eggjabúi."

Valli hætti sem framkvæmdastjóri hjá Pipar fyrir um 18 mánuðum og rétti Guðmundi Pálssyni kyndilinn. „Ég held að það sé mikilvægt að geta fundið fólk sem getur gert hluti betur en maður sjálfur. Hæfileikarnir til að fara af stað eru ekkert endilega þeir hæfileikar sem þarf þegar það þarf að halda sjó. Ég held að ég sé góður að rétta kyndilinn áfram og breytast í leiðbeinanda frekar en stjórnanda." **benediktboas@frettabladid.is**

ÞETTA GERÐIST: 8. JÚNÍ 1783

## Skaftáreldar hefjast

Á vormánuðum fór að bera á illum þef upp úr Þjórsá og Skaftá auk þess sem ný eyja myndaðist í gosi út af Reykjanesi en hún hvarf nokkru síðar í sjó. Í maí sama ár fór að bera á jarðskjálftum sem fóru vaxandi og 8. júní 1783 hófst svo mesta eldgos Íslandssögunnar.

Til að byrja með varð vart við öskufall í sveitinni og svartur mökkur lagðist yfir byggðina. Sama dag stóðu svo þrír eldar upp úr mekkinum og þeim fylgdu miklar drunur og brennisteinsfnykur. Hægt er að segja að rignt hafi eldi og brennisteini því bláleit rigning helltist yfir sem brenndi gróður og nýrúið fé.

Fólk fann fyrir sviða í augum og á beru hörundinu. Hraun tók að flæða yfir sléttlendi þann 12. júní og þremur dögum síðar fóru fyrstu jarðirnar undir hraun og fólk flýði sveitina. Búsæld hafði verið í Skaftafellssýslu árin áður og töldu margir að gosið væri refsing guðs fyrir ólifnað.

Þann 20. júlí safnaðist fólk saman í kirkjunni á Kirkjubæ og séra Jón Steingrímsson messaði. Kirkjan lék öll á reiðiskjálfi og hraunelgurinn nálgaðist og kirkjugestir héldu þetta sitt síðasta. Hraunið stöðvaðist meðan á messu stóð og hefur hún síðan verið kölluð Eldmessan. Draga fór úr gosinu eftir þetta, en áfram ruddust þó fram hraunspýjur. Gosinu lauk þann 7. febrúar 1784. Í kjölfarið lagðist eiturmóða yfir landið, tún sviðnuðu, bústofn féll og Íslendingum fækkaði um fjórðung. Móðuharðindunum lauk árið 1785.



# Fólk

Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 8. JÚNÍ 2018



**Anna Rósa grasalæknir ætlar að leiða grasagöngu um Viðey á sunnudaginn. Hún mun kenna fólki að þekkja algengar lækningajurtir og hvernig hægt er að nota þær.** →4

# Með landsliðinu á heimaslóðir

Landsliðið í knattspyrnu fer úr landi á morgun og mun koma sér fyrir á hótelinu Nadezhda sem er í fallegum strandbæ við Svartahafið. Bærinn er í Krasnodar-fylki en þaðan er annar matreiðslumaður landsliðsins, Kirill Ter-Martirosov, sem er þegar farinn þangað.



Kirill Ter-Martirosov fer á heimaslóðir þegar hann eldar fyrir íslenska landsliðið á HM. Hann hefur þó búið á Íslandi frá ellefu ára aldri. MYND/SIGTRYGGUR ARI


DOT
SKENKIR OG SKÁPAR



Dot Skenkur 109 cm - kr. 63.900



Dot Skenkur 162 cm - kr. 91.800

LÍNAN BÆJARLIND 14 - 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS



SJÓNVARPSSKÁPUR kr. 71.800 / SKÁPUR kr. 94.600

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Kirill var búinn að pakka niður í tösku og tilbúinn til fararinnar þegar við náðum tali af honum. Hann hlakkaði mikið til ferðarinnar enda þekkir hann staðinn vel og á marga ættingja í Krasnodar-fylki, meira að segja ömmu og afa. Hann vissi þó ekki hvort hann hefði tíma til að hitta fjölskylduna, það hvílir mikið á honum að sjá strákunum okkar fyrir hollu og orkugefandi fæði allan tímann. Aðalkokkur landsliðsins, Hinrik Ingi Guðbjargarson, valdi Kirill til fararinnar, ekki síst vegna þess að hann er rússneskumælandi sem kemur sér vel á þessum slóðum. Þeir félagarnir eru búnir að vera lengi að undirbúa ferðina enda margt sem þarf að huga að.

## Fer oft í heimsókn

Kirill hefur margoft komið til Krasnodar og fór þangað síðast til að skoða aðstæður í eldhúsi hótelsins þar sem landsliðið dvelur á meðan á HM stendur. Það mun síðan fljúga á þá staði þar sem keppt verður, til Moskvu, Volgograd og Rostov. Kirill, sem er yfirkokkur hjá Fiskmarkaðnum, segir að á þessu svæði sé ekki mikið um sjávarafurðir og íbúar miklar kjötætur, mikil grillmenning.

Í fyrstu ætluðu kokkarnir að taka með sér matinn en vegna viðskiptabannsins er það ekki hægt. Þeir nýta því hráefni úr þarlendu héraði. „Við höfum komið okkur í samband við verksmiðju þarna sem framleiðir íslenskt skyr og það er frábært að hægt sé að fá það,“ segir hann. „Annars er gott hráefni á þessum slóðum og mikið úrval þótt það sé ekki mikið um sjávarrétti nema þá helst vatnafisk.“

## Lúxushótel við ströndina

Bærinn Gelendzhik, þar sem hótelið stendur, er 55 þúsund manna strandbær við Svartahafið. Hótelið er með einkaströnd og bæði inni- og útisundlaug. Á hótelinu eru fjórir veitingastaðir. Strákarnir munu þó ekki nýta þá því þeir verða með eigin veitingastað undir stjórn þeirra Kirills og Hinriks. Á hótelinu er góð líkamsræktarstaða og heilsurækt. Frá hótelinu er frábært útsýni yfir Markotkh-fjallgarðinn.

Kirill hefur búið á Íslandi frá ellefu ára aldri. Foreldra hans langaði að prófa að búa á Íslandi og settust hér að. Faðir hans starfar í byggingariðnaði og móðir hans er hjúkrunarfræðingur. „Mér fannst spennandi að flytja til Íslands á sínum tíma. Við fluttum hingað 2001. Ég var ungur og aðlagaðist fljótt íslensku umhverfi. Byrjaði strax í grunnskóla og kynntist skólafélögum. Það kom þó stundum fyrir að ég saknaði vina minna í Rússlandi fyrst eftir að við fluttum. Ég hef þó hitt þá þar sem við höfum farið í heimsókn til Krasnodar annað hvert ár. Fjölskylda okkar hefur líka komið til Íslands í heimsókn,“ segir Kirill.

Hann segir að veðurfarið sé svolítið mikið öðruvísi við Svartahafið en á Íslandi. Það er mjög heitt á sumrin og veturnir mildir. „Um jólin voru 10 gráður þarna,“ segir hann. Það tekur um einn og hálfan tíma að fljúga frá Krasnodar til Moskvu. „Það verður ákveðið ævintýri að koma þarna með landsliðinu og mjög spennandi fyrir mig.“

## Stórkostlegt tækifæri

Kirill ákvað ungur að verða matreiðslumaður. „Ég var líklega ekki nema sjö ára þegar ég fór að tala um það. Ég byrjaði ungur að hjálpa til í eldhúsinu með ömmu minni og mömmu. Þetta þróaðist í þá átt að nám í matreiðslu var það eina sem mig langaði í. Mér finnst þetta starf enn í dag algjörlega frábært. Þótt við séum með alls kyns rétti á Fiskmarkaðnum, bæði fisk og kjöt, þá finnst mér ótrúlega skemmtilegt að gera sushi. Ég hef mjög gaman af því að útbúa sushi-rétti og hef náð ágætri lagni í því,“ segir Kirill sem er einhleypur og barnlaus. „Vinnan tekur allan minn tíma.“

## Heimilisleg stemming

Þegar Kirill er spurður hvernig foreldrar hans hafi brugðist við þegar ferðalagið til Rússlands kom upp, svarar hann. „Ég held að þau hafi verið meira stressuð en ég. Þeim finnst þetta stórkostlegt tækifæri og hafa mikinn áhuga á þessu ferðalagi. Ég mun leggja mig allan fram fyrir strákana. Annar kokkurinn fer með á leikina en hinn verður eftir á hótelinu til að undirbúa máltíðu. Við munum skipta þessu með okkur. Strákarnir gera ekki miklar kröfur til okkar en vilja hollan og góðan mat. Þeir eru alltaf til í lamb og béarnaise og við viljum skapa heimilislega stemmingu.“

## Með strákunum alla leið

Kirill er mikill aðdáandi íslenska landsliðsins og heldur með því alla leið. „Strákarnir eiga eftir að standa sig vel. Ég er mjög bjartsýnn á árangur. Sjálfur hef ég ekki spilað fótbolta en æfði handbolta og sund á sínum tíma,“ segir hann. „Það er mikill íþróttaáhugi í Krasnodar og margir sem stunda þær. Það er fjölbreytt úrval íþrótta fyrir krakka og fólk hefur það yfirleitt gott á þessum slóðum. Ég hef ekki orðið var við fátækt þarna og er stoltur af uppruna mínum,“ segir Kirill sem telur sig þó orðinn meiri Íslending en Rússa.

Þegar hann er spurður um uppáhaldsmat er hann fljótur að svara. „Mér finnst alltaf mömmumatur bestur. Mér finnst voða gott þegar hún eldar ofan í mig. Mamma er mjög góður kokkur og býr til góðan mat. Hún eldaði einu sinni í sjónvarpsþætti hjá Hrefnu Sætran. Það er reyndar mikill mataráhugi í fjölskyldunni sem trúlega hefur haft sterk áhrif á mig.“

Kirill taldi ekki að hann hefði mikinn tíma til að liggja í sólbaði við Svartahafið. „Það verður nóg að gera hjá okkur Hinriki í eldhúsinu,“ segir hann og bætir við að dagarnir á HM eigi eftir að verða spennandi upplifun.



Kirill segir að það verði ekki mikill tími til að flatmaga á ströndinni við Svartahafið. Mikil vinna bíði hans í eldhúsinu þar sem matreitt verður fyrir strákana okkar. MYND/SIGTRYGGUR ARI

> Strákarnir gera ekki miklar kröfur til okkar en vilja hollan og góðan mat. Þeir eru alltaf til í lamb og béarnaise og við viljum skapa heimilislega stemmingu.
>
> Kirill Ter-Martirosov



Þarna mun íslenska landsliðið dvelja í góðu yfirlæti næstu vikurnar.



Heimabær Kirills við Svartahafið. Þar er undurfallegt og heit sumur. Mörg lúxushótel standa við ströndina. Margir eyða sumarfríinu á þessum slóðum.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |



# NÝ SENDING AF VÖNDUÐUM ÆFINGAFATNAÐI

Mikið úrval af fatnaði í stærðum 14-28 eða 42-56
Vertu velkomin í verslun okkar að Fákafeni 9
eða pantaðu í vefverslun www.curvy.is






AFGREIÐSLU TÍMAR Í VERSLUN CURVY - FÁKAFENI 9

Alla virka daga frá kl. 11-18
Laugardaga frá kl. 11-16

Bjóðum uppá fría sendingu hvert á land sem er

Curvy.is - Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552 | www.curvy.is












Anna Rósa segir margar lækningajurtir vaxa í Viðey. MYND/ERNIR

# Grasaganga um Viðey

## Anna Rósa grasalæknir ætlar að leiða grasagöngu um Viðey á sunnudaginn. Hún mun kenna fólki að þekkja algengar lækningajurtir og hvernig hægt er að nota þær.

Ég ætla að sýna fólki þær lækningajurtir sem vaxa í Viðey. Þær eru allmargar og í raun má finna allar helstu lækningajurtirnar úti í eynni,“ segir Anna Rósa sem hefur starfað við grasalækningar í tuttugu og fimm ár.

„Fólki er velkomið að koma með skæri og poka með sér til að taka sýnishorn svo það þekki jurtirnar þegar það fer sjálft að tína þær annars staðar. Þetta er í þriðja sinn sem ég leiði grasagöngu í samstarfi við Reykjavíkurborg, hún er ókeypis og öllum er boðið. Fólk borgar einungis fargjaldið út í Viðey og ferjan fer kl. 13.15 frá Skarfabakka. Gangan tekur einn og hálfan klukkutíma og ég vonast auðvitað eftir góðu veðri,“ segir Anna Rósa brosandi en þetta er eina grasagangan sem hún ætlar að leiða á árinu.

### Túnfífillinn leynir á sér

Þegar Anna Rósa er beðin um að nefna eina lækningajurt sem allir ættu að þekkja stendur ekki á svari. „Það er túnfífillinn sem vex bókstaflega út um allt. Þessi jurt, sem margir líta á sem illgresi, leynir svo sannarlega á sér. Það er mikill lækningamáttur í rótunum sem eru góðar fyrir meltinguna og þær eru einnig hægðalosandi. Ég nota ræturnar mikið gegn krónískum sjúkdómum og liðsjúkdómum á borð við gigt og einnig lífsstílssjúkdómum. Túnfífilsrótin hreinsar líka lifrina.“

Blöðin af túnfíflum eru líka gagnleg, að sögn Önnu Rósu. „Blöðin hafa um aldir þótt með bestu vatnslosandi jurtum sem völ er á og gott er að þurrka þau í te,“ segir hún og bætir við að þar sem blöðin og rótin af túnfíflum



Anna Rósa segir túnfífilinn leyna á sér og hann hafi marga góða eiginleika.

hafi sitthvora virknina sé gott að þekkja muninn þar á.

Í grasagöngunni ætlar Anna Rósa einnig að kenna fólki að þurrka jurtirnar sjálft. „Allir geta þurrkað jurtir heima hjá sér án mikillar fyrirhafnar. Það þarf t.d. hvorki ofn né flóknar græjur til að þurrka fíflablöð. Nóg er að setja gamalt lak á borð, leggja blöðin á það og snúa af og til og það ætti aðeins að taka um viku fyrir þau að þorna. Blöðin má setja í krukkur og geyma fyrir veturinn.“

### Jurtir í matargerð

Anna Rósa ætlar að fara yfir hvernig hægt er að nota jurtir í matargerð og nefnir að um aldir hafi fólk borðað ræturnar af túnfíflum. „Það er hægt að steikja þær í smjöri og þær bragðast ljómandi vel. Fersk fíflalauf eru góð í salöt,“ segir Anna Rósa. „Ég vil gjarnan nýta þekkingu mína og kenna fólki að nýta lækningajurtir sjálft,“ bætir hún við.

### Tínir jurtir sjálf í framleiðslu

Innt eftir því hvað sé fram undan segir Anna Rósa að hún starfi dagsdaglega við ráðgjöf í grasalækningum en hún loki stofunni yfir sumarið fram í ágúst og nýti þá tímann til að tína jurtir. „Ég tíni allar jurtirnar sjálf. Ég er önnum kafin við að framleiða vörur sem eru seldar í meira en fimmtíu verslunum og svo er ég með umfangsmikla vefverslun. Ég er ein í þessu öllu saman og finnst þetta ofsalega gaman.“

Þegar Anna Rósa lauk námi í grasalækningum á sínum tíma var áhuginn á óhefðbundnum lækninum ekki eins mikill og nú til dags. „Ég finn mikinn mun þar á. Mér finnst gaman að endurvekja þekkingu á íslenskum lækningajurtum sem var fallin í gleymskunnar dá.”

Hægt er að lesa meira um jurtir á heimasíðunni www.annarosa.is.



Garpur golfbíll er afar vinsæll meðal kylfinga. Hann er léttur og þægilegur á golfvellinum og hentar vel fyrir átján holur.

# Garpur léttir golfurum lífið

Rafmagnsgolfbíllinn Garpur er kominn til landsins á nýjan leik en hann þykir skemmtilega kraftmikill og búinn einstaklegra mjúkri fjöðrun sem gerir hann sérlega hentugan fyrir íslenska golfvelli.

Garpur er sérstaklega kraftmikill og hleðslan dugar léttilega hyggist golfarar fara 18 holurnar tvisvar í röð," segir Brynjar Valdimarsson hjá SB2 en fyrirtækið flytur inn rafmagnsgolfbílinn Garp. Þetta er annað árið sem Garpur er til sölu hér á landi en í fyrra var eftirspurnin slík að bílarnir seldust upp á örstuttum tíma. „Okkur þótti það reyndar ekkert undarlegt enda er Garpur afskaplega vel búinn golfbíll, þægilegur í akstri og fjöðrunin einstaklega mjúk. Hann hentar vel fyrir íslenskar aðstæður og ætti að ganga á hvaða golfvelli landsins sem er."

Brynjar er ötull golfari og hefur sjálfur ekið um á golfbíl í 25 ár. Hann hefur því fylgst með vaxandi vinsældum golfbíla á íslenskum völlum og sjálfur haft vökult auga fyrir golfbílum sem gagnast gætu vel hér á landi. Hann segir það því enga tilviljun að Garpur hafi orðið fyrir valinu. „Garpur er betur búinn en gengur og gerist með golfbíla, hreinlega hlaðinn búnaði á borð við bolta- og kylfuhreinsara, kælibox fyrir drykki, regn- og vindverjandi yfirbreiðslu með renndum hurðum, regnhlíf fyrir golfsett, tólf tommu álfelgur, hraðamæli, stefnuljós og niðurfellanlega framrúðu," segir Brynjar og bætir við að Garp megi fá í fjórum litum, hvítum, bláum, rauðum og grænum.

Hvað varðar vinsældir golfbíla segir Brynjar að þær hafi vaxið



Garpur er vel útbúinn golfbíll..

gífurlega og fari enn vaxandi. „Þetta var nánast einmanalegt í byrjun, upp úr 1990, en núna er staðan þannig að geymsluplássið við golfvöllinn í Korpu er svo gott sem sprungið og mér skilst að ástandið sé svipað á öðrum völlum. Og eru engu að síður ansi margir sem geyma golfbíla sína heima og koma með þá þegar þeir fara hring."

### Þægindi sem fylgja golfbíl

Sem stendur eru um sjötíu golfvellir á Íslandi og á höfuðborgarsvæðinu einu er að finna sex 18 holu golfvelli. Þeir golfarar sem fara 18 holu hring ganga að meðaltali um níu kílómetra en þeir sem nýta sér golfbíla ekki nema um þrjá kílómetra. Þegar litið er til þess að fjölgun í golfíþróttinni hér á landi er langsamlega mest hjá fólki sem er 50 ára og eldra er kannski ekki að undra að sala golfbíla fari vaxandi samhliða. Þá má þess geta að heimilt er að nota golfbíla í Íslandsmóti eldri kylfinga. Brynjar tekur þó fram að það séu ekki eingöngu eldri kylfingar sem noti golfbíla hér á landi. „Margir vilja einfaldlega njóta þeirra þæginda sem fylgja því að aka um á golfbíl."

Eins og áður segir er Garpur með mjög gott drægi og kemst rúmlega tvo hringi á 18 holu golfvelli. Honum fylgir hleðslustöð sem eingöngu þarf að stinga í samband við hefðbundna innstungu og ekki tekur nema örfáar klukkustundir að fullhlaða rafhlöðuna. Brynjar tekur fram að Garpur gæti jafnvel nýst annars staðar en á golfvellinum, til að mynda á sveitabæjum eða við sumarhús þar sem slóðar eru til staðar.

Hægt er að skoða Garp hjá Betri bílasölunni og er sá möguleiki fyrir hendi að reynsluaka Garpi áður en að kaupum kemur. Starfsmenn Betri bílasölunnar geta enn fremur leiðbeint kaupendum um kerru undir Garp á góðu verði.

Betri bílasalan er með síma 571 7166 og Facebook-síða Garps er facebook.com/GolfGarpur/



Garpur hefur reynst vel við íslenskar aðstæður enda seldist hann upp í fyrra.



# Smáforritið sem gefur frítt dót

Smáforritið INTO leyfir útvöldum notendum að fá ýmislegt ókeypis ef þeir hafa nógu mikil áhrif á internetinu. Forritið er hannað svo fyrirtæki og áhrifavaldar á internetinu njóti góðs hvor af öðrum.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Smáforritið INTO tryggir notendum sínum frían aðgang að alls kyns vörum og þjónustu. Það er ætlað fyrir áhrifavalda á internetinu og fyrirtæki sem vilja fá kynningu hjá þeim og er bara í boði fyrir þá sem eru samþykktir af útgefendum þess.

Maximilian Arasin, einn af stofnendum INTO, segir að til að fá að vera notandi INTO þurfi maður að vera á samningi hjá mikils metinni umboðsskrifstofu eða samfélagsmiðlastjarna. Hingað til hafa bara 12.500 notendur verið samþykktir og 70% þeirra eru kvenkyns, en 10 þúsund manns eru á biðlista.

## Styðja þá sem gera gott efni

Þeir sem fá að vera notendur fá aðgang að alls kyns fríðindum. Veitingastaðir gefa þér mat, kaffihús gefa þér kaffi, frægir hárgreiðslumeistarar punta þig og einkaþjálfarar hjálpa þér að komast í form, allt þér að kostnaðarlausu. Í staðinn gefa notendur þessum fyrirtækjum vonandi kynningu, en þeir eru ekki skuldbundnir til þess, þó þeir nýti fríðindin. Arasin segir að notendur birti innlegg um þjónustuna í um helmingi tilfella.

INTO var stofnað árið 2015 í Sydney og starfar nú í London, New York, Sydney, Melbourne, Hamborg og Los Angeles, en á næsta ári ætlar það að byrja að starfa í Toronto, Mílanó, Höfðaborg, Tókýó og Hong Kong.

Maximilian Arasin segir að INTO vilji styðja þá sem framleiða gott efni með því að hjálpa þeim að uppgötva gæðastaði og góða þjónustu og gera þeim auðveldara að búa til efni sem stækkar fylgjendahópinn.

## Markaðssetning í gegnum áhrifavalda eykst

Arasin er í raun frumkvöðull á sviði markaðssetningar í gegnum áhrifavalda, en hún snýst um að tengja merki við vel tengda áhrifavalda á netinu til að hjálpa merkjunum að stækka neytendahóp sinn í gegnum fylgjendur áhrifavaldanna.

Þessi gerð markaðssetningar er komin til að vera. Samtök auglýsenda í Bandaríkjunum gerðu nýlega könnun sem leiddi í ljós að 75% auglýsenda nýttu áhrifavalda í markaðssetningu og að þeir ætluðu að eyða meira fé í slíka markaðssetningu á næstu 12 mánuðum.



Áhrifavaldar á internetinu geta fengið alls kyns fríðindi í gegnum INTO ef þeir eru tilbúnir til að kynna vörur og þjónustu á síðum sínum. NORDICPHOTOS/GETTY

Markaðssetning í gegnum áhrifavalda hrífur fólk öðruvísi en hefðbundnar auglýsingar, því hún virkar meira ekta þegar hún kemur frá einhverjum sem maður hefur áhuga á og kýs að fylgjast með. Samfélagsmiðlastjörnur byggja upp fylgjendahóp sinn með tímanum og kynna svo vörur sem passa við gildi, viðhorf og áhugamál fylgjendahópsins. Vonin er sú að fylgjendur hugsi með sér að ef varan eða þjónustan sé nógu góð fyrir þann sem þau fylgja, sé hún nógu góð fyrir þau.

Arasin segir að INTO geti gert það auðveldara fyrir merki og áhrifavalda að gera skipti sem báðir græða á. Áhrifavaldarnir fá ýmsar gjafir, en merkin fá kynningu sem hefði annars kostað mörg hundruð þúsund krónur.

## Ekki sama Jón og séra Jón

Áhrifavaldar telja að þjónusta INTO geri gagn. Þeir kynna vörur sem þeir vita að höfða til fylgjendahóps þeirra og fyrir vikið bregðast fylgjendurnir við kynningunum og biðja oft um nánari upplýsingar.




Samfélagsmiðlastjörnur geta haft mikil áhrif og grætt vel á stöðu sinni. NORDICPHOTOS/GETTY

INTO lætur líka ekki eitt yfir alla ganga, sem kemur fyrirtækjunum sem taka þátt vel. Minni áhrifavaldar hafa ekki aðgang að jafn mikilli og fínni þjónustu og þeir sem stærri eru. Litlir áhrifavaldar fá kannski kaffibolla hér og þar, á meðan risarnir fá virkilega góðu hlutina. Það skiptir líka ekki bara máli hversu marga fylgjendur viðkomandi hefur, heldur líka hversu margir bregðast við innleggjunum.

Þetta hvetur notendur til að búa til gott efni og gerir fyrirtækjunum kleift að bjóða bara ákveðna þjónustu fyrir ákveðna áhrifavalda. Þannig þurfa fyrirtækin heldur ekki að hafa áhyggjur af því að auglýsingin svari ekki kostnaði.



Maximilian Arasin við störf á skrifstofu INTO. MYND/INSTAGRAM



# Húsnæði og viðhald

FÖSTUDAGUR 8. JÚNÍ 2018

**Kynningar:** Áltak, Steypustöðin Mest, Íslenskur Aðall, Parketslípun Meistarans



Fallegt nýtt fjölbýlishús í Kópavogi sem er klætt að utan með álklæðingu frá Áltaki. Klæðningin setur sterkan og fallegan svip á bygginguna. MYND/EYÞÓR

# Álið er málið við íslenskar aðstæður

Áltak hefur framleitt málmklæðningar í meira en tuttugu ár og má finna handverk fyrirtækisins um land allt. Sagan hefur sýnt að kjósi húseigendur viðhaldslitla eign ætti valið ávallt að vera álklæðning frá Áltaki. Í sýningarsal fyrirtækisins er hægt að skoða fjölda lita og gerðir klæðninga →2



Guðmundur Hannesson, sölustjóri hjá Áltaki.

**Framhald af forsíðu ➪**

Áltak hefur meira en tuttugu ára reynslu í klæðningu húsa og var á dögunum valið fyrirtæki ársins í könnun VR. Framleiðsla fyrirtækisins hentar sérstaklega vel við íslenskar aðstæður, bæði fyrir nýbyggingar sem og eldri hús.

Klæðningu frá Áltaki má sjá á einbýlishúsum, fjölbýlishúsum og húsnæði fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum um land allt. Að sögn Guðmundar Hannessonar sölustjóra eru það verkin sjálf sem eru besta auglýsingin, þau beri fyrirtækinu – sem starfrækt hefur verið í meira en tuttugu ár – vel söguna. „Áltak var stofnað með það að markmiði að innleiða nýjar og betri lausnir í klæðningu húsa og hefur frá upphafi veitt heildarlausnir í álklæðningum og undirkerfum. Málmklæðningarnar sem við framleiðum henta mjög vel fyrir íslenskar aðstæður og hafa staðið sig gríðarlega vel undanfarin ár,“ segir Guðmundur og bætir við að klæðningin sé ekki aðeins traust heldur einnig falleg. „Þetta er kápan utan um húsið sem er um leið stærsti hlutinn af útliti þess. Því er einnig mikilvægt að geta boðið upp á fallega klæðningu.“

Hjá Áltaki eru framleiddar ýmsar tegundir af bárum og stölluðu áli sem notað er í þök og veggklæðningar. Guðmundur segir sérstaklega mikið hagræði að því fyrir viðskiptavini að framleiðslan sé hér á landi en það þýðir að hægt er að afgreiða flestar pantanir á tveimur til fjórum dögum. Afgreiðslutíminn geti aftur á móti lengst ef um pantanir á sérlausnum er að ræða. „Við bjóðum upp á alls kyns lausnir í kringum klæðningarnar og reynslumiklir starfsmenn okkar aðstoða við þær útfærslur sem viðskiptavinir velja þannig að útkoman verði eins og best verður á kosið. Álið býður alltaf upp á sömu góðu gæðin en sífellt bætast við nýjungar í litum og útfærslum, það má nefnilega



Hægt er að velja um mikið úrval lita.



Framleiðslan er unnin með íslenskar aðstæður í huga.



**Við gerð álplötunnar er unnið af mikilli fagmennsku.**



**Klæðningu frá Áltaki má sjá á einbýlishúsum, fjölbýlishúsum og húsnæði fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum um land allt.**

> Áltak var stofnað með það að markmiði að innleiða nýjar og betri lausnir í klæðningu húsa og hefur frá upphafi veitt heildarlausnir í álklæðningum.

beygja álið með ýmsum hætti og ganga frá því með nokkuð framúrstefnulegum hætti. Möguleikarnir eru svo gott sem ótæmandi þegar kemur að áli. Það er ýmislegt sem við getum sýnt fólki ef það hyggst klæða með áli.“

Guðmundur tekur fram að Áltak sé með glæsilegan sýningarsal við Fossaleyni 8 í Grafarvogi þar sem starfsmenn eru reiðubúnir til aðstoðar. Þar er meðal annars hægt að skoða sýnishorn af framleiðslunni og sjá hvaða litir eru í boði.

### Hentar vel þegar kemur að viðhaldi húsa

Málmklæðningar Áltaks henta vel í nýbyggingar en ekki síður þegar kemur að viðhaldi eldri húsa. „Við seljum mikið til húsfélaga þegar huga þarf að viðhaldi, til dæmis þegar steypa er farin að gefa sig og sprungur teknar að myndast. Þá koma okkar lausnir að góðum notum,“ segir Guðmundur en tekur fram að álklæðning sé vissulega umfangsmeiri framkvæmd en að sprungufylla og mála. „Það er aftur á móti eingöngu skammtímalausn og húsið verður komið aftur í sambærilega stöðu á fáum árum. Hjá okkur má finna varanlega lausn auk þess sem húsið er einangrað að utan sem verður til þess að lækka kyndingarkostnað og húsið í heild verður hreinlega betra. Það þarf því ekki að halda húsfund vegna viðhalds utanhúss næstu áratugi í það minnsta. Klæðningarnar frá okkur eru því betri og ódýrari langtímalausn fyrir húseigendur.“

Spurður nánar út í lækkun á kyndingarkostnaði segir Guðmundur að hús klætt áli séu almennt betur einangruð. Einangrunin sé alla jafna að utanverðu, steypan sé því í skjóli og heit í gegn. „Varmatap er því minna og gerir það að verkum að kyndingarkostnaður verður lægri.“

Guðmundur hvetur þá sem huga þurfa að viðhaldi húsa sinna utanhúss til að kíkja í Áltak því þar er sérhæft starfsfólk ávallt til reiðu varðandi útfærslur og lausnir.

Nánari upplýsingar má finna á vefsvæði Áltaks, altak.is.

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson | **Sölumaður auglýsinga:** **Ólafur H. Hákonarson**, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | **Veffang:** frettabladid.is




## SAMEINAR NÝJAN OG GAMLAN TÍÐARANDA

Eyjaberg er tveggja laga rétthyrndur unninn steinn með gáruðu og sígildu yfirbragði.

Steinninn samanstendur af þremur stærðum sem mynda 14 cm þriggja steina kerfi. Eyjaberg má nota í plön, stíga og torg.


14x22x6/8 cm


14x16,5x6/8 cm


14x11x6/8 cm

Malarhöfða 10 • 110 Reykjavík • s:4 400 400 • steypustodin@steypustodin.is • www.steypustodin.is

STEYPUSTÖÐIN

# Baðkarið fékk að fjúka

Fjóla Kim Björnsdóttir og Styrmir Frostason keyptu flísar á útsölu og geymdu í heilt ár áður en þau hófust handa við að gera upp baðherbergið hjá sér sem er nú eins og nýtt. Þau gerðu nær allt sjálf.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is



Við keyptum íbúðina okkar fyrir tveimur árum á hagstæðu verði en það var kominn tími á að laga eitt og annað. Við höfum því hægt og rólega tekið hana í gegn. Við höfum gert nær allt sjálf en einnig notið aðstoðar feðra okkar og afa Styrmis, t.d. við að leggja flísar. Við erum búin að skipta um gólfefni, hurðir og gluggakistur og í janúar hófumst við handa við að endurnýja baðherbergið,“ segir Fjóla sem vinnur hjá Verði tryggingum en Styrmir er flugvirki.

Það tók þrjá mánuði að gera baðherbergið upp og allur frítími parsins fór í framkvæmdir. „Um leið og við komum heim úr vinnunni á daginn fórum við í vinnugallann. Við vildum ekki steypa okkur í skuldir vegna endurbóta á íbúðinni heldur söfnuðum okkur fyrir því sem þurfti að kaupa og vorum útsjónarsöm í innkaupum. Við keyptum flest á tilboði og einnig á svokölluðum Black Friday. Vegg- og gólfflísarnar keyptum við t.d. fyrir meira en ári á útsölu og geymdum þar til við höfðum sparað fyrir blöndunartækjum, klósetti og innréttingum,“ upplýsir Fjóla.

Þau byrjuðu á að rífa allt út úr baðherberginu, baðkarið fékk að fjúka og sömuleiðis innréttingin og gólfdúkurinn. Fyrsta skrefið var svo að setja hita í gólfið. „Pabbi vinkonu minnar hjálpaði okkur að útvega réttu tækin til þess og Styrmir fræsti gólfið með tilheyrandi ryki og drullu. Við erum enn að þurrka af þrisvar í viku og það er ekkert lát þar á,“ segir Fjóla.



Baðherbergið er glæsilegt eftir breytingarnar. MYND/ANTON BRINK



> Skemmtilegast var að fagna hverjum áfanga, eins og þegar búið var að flísaleggja heilan vegg og svo var yndislegt að fara í sturtu heima hjá sér eftir þrjá mánuði án sturtu. Fjóla Kim Björnsdóttir



Baðherbergið fyrir breytingar og endurbætur.

Baðherbergið er 5 fermetrar að stærð og hugmyndin var að gera það opið og aðgengilegt. „Baðkarið tók mikið pláss og því ákváðum við að hafa frekar sturtu. Við vildum hafa ljósar flísar og stóran spegil með ljósum til að opna rýmið sem mest. Til að fá hugmyndir skoðuðum við heilmikið á netinu, svo sem Pinterest og Facebook, en á síðunni Skreytum hús var bæði hægt að fá hugmyndir og góð ráð varðandi flísar og blöndunartæki. Við fórum svo í marga rannsóknarleiðangra í allar helstu heimilis- og byggingavörubúðir borgarinnar. Það tók heilmikinn tíma að fara á milli þeirra og skoða verð og gæði,“ greinir Fjóla frá en heildarkostnaðurinn var í kringum 500 þúsund.

Þau keyptu flísarnar í Bauhaus, sturtuglerið í Íspan, handklæðaofn, blöndunartæki og klósett í Tengi og innréttinguna og baðvaskinn í IKEA. „Mér finnst æðislegt að vera með heilan vask og sleppa því að vera með borðplötu. Það er þægilegt upp á þrif og kemur vel út á svona litlu rými.“

Á meðan á framkvæmdum stóð fengu þau að fara í sturtu hjá vinum og vandamönnum. „Í eina viku vorum við án salernis og þá var gott að mamma býr í nágrenni við okkur. Það erfiðasta við þetta allt saman var rykið sem kom út af gólfhitanum. Við erum enn að þurrka af og það er alltaf jafnmikið ryk. Það skemmtilegasta var að fagna hverjum áfanga, eins og þegar búið var að flísaleggja heilan vegg og svo var yndislegt að fara í sturtu heima hjá sér eftir þrjá mánuði án sturtu,“ segir Fjóla en þau Styrmir eru þegar byrjuð að planleggja næstu framkvæmdir. „Við ætlum að smíða pall og erum byrjuð að leggja fyrir. Vonandi getum við hafist handa við smíðar næsta vor.“

nettoline
DANSKAR
INNRÉTTINGAR
Í ÖLL HERBERGI HEIMILISINS



FJÖLBREYTT ÚRVAL AF HURÐUM, FRAMHLIÐUM, KLÆÐNINGUM OG EININGUM, GEFA ÞÉR ENDALAUSA MÖGULEIKA Á AÐ SETJA SAMAN ÞITT EIGIÐ RÝMI.
STERKAR OG GLÆSILEGAR
Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • friform.is
Opið: Mán. - fimmt. kl. 09-18 / Föst. 09-17.
Lokað á laugardögum í sumar.



Sumarsæla í Múrbúðinni
Gott verð fyrir alla, alltaf!
MÚRBÚÐARVERÐ
GRILLBOÐ*
39.900
44.990
Kaliber Red gasgrill
4 brennara (12KW) + hliðarhella (2.5KW). Grillflötur 41x56cm
Kaliber
PREMIUM GRILL
Grillbursti kr. 390
12.490
Lavor One Plus 130 háþrýstidæla
1800w, 130 bör (170 m/turbústút) 420 L/klst.
Made by Lavor
26.490
Lavor Space 180 háþrýstidæla
2500w, 180 bör (275 m/túrbóstút) 510 L/klst
Pallahreinsir, hringbursti, felgubursti og aukaspíssar fylgja.
+
Garðverkfæri í miklu úrvali
Verð frá
2.190,-
2.390,-
1.690,-
1.790,-
1.890,-
Malarhrífa
1.890,-
MIKIÐ ÚRVAL
29.990
Lavor SMT 160 ECO
2500W, 160 bör (245 m/túrbóstút) 510 L/klst. Þrjár stillingar: mjúk (t.d. viður), mið (t.d. bíll) og hörð (t.d. steypa).
Grilláhöld 3 stk. í setti kr.
1.380
Öflugt og ódýrt
Grill yfirbreiðslur margar stærðir.
Verð 4.280-4.580
Kaliber Black gasgrill
3x3kw brennarar (9KW). Grillflötur 41x56cm
23.990
Trup hekkklippur 23060
1.245
Garðúðari. Ál, 3 arma.
1.690
Meister - Úðabyssa með stillanlegu skafti
2.190
Haki
2.490,-
39.990
MOWER CJ18
BS 3,5hp Briggs&Stratton mótor, rúmtak 125 CC, skurðarvídd 46cm/18". Safnpoki að aftan 60 L, skurðhæð og staða 25-85mm/8
Steypugljái á stéttina – þessi sem endist
Truper garðverkefæri 4 í setti
1.690
Garðskafa
1.490,-
62.990
MOWER CJ20
Sláttuvél m/drifi, BS 5,0 hp Briggs&Stratton mótor. Rúmtak 150 CC, skurðarvídd 51cm/20", sjálfknúin 3,6 km/h, safnpoki að aftan 65 L, hliðar útskilun, skurðhæð og staða 25-75mm/8
Truper 10574
1.895,-
Tia - Garðverkfæri
verð 490 pr. stk.
66.990
MOWER CJ21
Sláttuvél 53cm m/drifi, BS 6,0 hp Briggs&Stratton mótor. Rúmtak 193 CC, skurðarvídd 53cm/21", sjálfknúin 3,4 km/h. Safnpoki að aftan 65 L, hliðar útskilun. Skurðhæð og staða 25-80mm/8
Pretul greinaklippur
875
BRIGGS & STRATTON
Gróðurmold 20 l.
560
40 l kr. 990
Bio Kleen
Pallahreinsir
1 líter
895
5L 2.990 kr.
Portúgalskir leirpottar
Blákorn 5 kg
1.245
Leca blómapottamöl 10 l.
990
*Grillboðið gildir 25.5 - 2.6.2018
Opið laugardag
kl. 10-16 á Kletthálsi og 10-14 í Reykjanesbæ
Mikið úrval
Reykjavík | Klettháls 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Netgíró
Betri leið til að versla
MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!

# Smíðaði kofa með sveinka

**Jón Grímsson í Seattle er einn af bestu öfum heims. Hann smíðaði rammíslenskan víkingaskála sem hann færði barnabörnunum í jólagjöf og hefur íslenskan uppruna þeirra í hávegum vestra.**

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is





Vígalegu víkingarnir hans Jóns með sverð og skildi úr smiðju afa síns. Elst er Lilja (5 ára), næstur er Nonni (4 ára) og svo kemur Ari (2 ára). Nýjasti víkingurinn í systkinahópnum er Boði, eins mánaða og enn of ungur fyrir sverð og skjöld.

Ég smíðaði þetta víkingahús vegna þess að ég fann ekki almennilegan kofa handa barnabörnunum mínum og krakkarnir fá ekkert plastdrasl frá afa sínum. Við látum aðra um það,“ segir Jón Grímsson sem flutti vestur um haf 1982 og hefur meðal annars starfað sem skipstjóri í Alaska og byggingarstjóri í Seattle.

„Ég sagði krökkunum að ég ynni við smíðar á verkstæði jólasveinsins í Alaska og að sveinki hjálpaði mér eftir vinnu. Þau urðu ægilega roggin með það og tilkynntu sem flestum að við Jóli ynnum saman, enda góður í gegn, sá mæti náungi,“ segir Jón og brosir.

Víkingahúsið fengu börnin í jólagjöf frá afa sínum.

„Ég smíðaði húsið heima í Seattle en setti það saman í garðinum hjá dóttur minni þar sem þau búa í bænum Enumclaw, um klukkutíma suðaustur af Seattle. Börnin urðu einskis vör því ég faldi húsið með segldúk, en setti svo á það jólaljós og rauða slaufu og leiddi þau út í garð á jóladagsmorgun. Þau urðu eðlilega dolfallin af gleði þegar þau sáu húsið,“ segir Jón, sællar minningar.

> **”Ég fann ekki almennilegan kofa handa barnabörnunum mínum og krakkarnir fá ekkert plastdrasl frá afa sínum.**
>
> 
>
> Jón Grímsson



Börnin eru vitlaus í víkingasafa sem afi þeirra nefnir lýsi á svo lokkandi máta.



Börnin urðu að vonum himinglöð að fá heilt hús frá afa sínum í jólagjöf.

## Öskra „Áfram Ísland!“

Jón hefur íslenskan uppruna fjölskyldunnar í hávegum í víkingahúsinu. Hann smíðaði borð og stóla í húsið svo vel færi um börnin, og hefur auk þess smíðað og málað rammíslenska skildi og sverð handa litlu víkingunum sínum.

„Maður verður alltaf Íslendingur fyrst og fremst. Krakkarnir eru öll íslenskir ríkisborgarar og ákaflega stolt af því. Þau kunna að öskra: „Áfram Ísland!“ sem veitir ekki af og kemur að góðu gagni þessa dagana,“ segir Jón sem fylgist grannt með íslenska landsliðinu í fótbolta og krakkarnir líka.

## Pöddu- og fúafrítt hús

Víkingahús Jóns er listasmíð og vandað til verka og efniviðar. Það er smíðað úr þolmiklum sedrusviði sem vex í Alaska og á vesturströnd Bandaríkjanna.

„Sedrusviður fúnar ekki né ráðast pöddur á hann,“ útskýrir Jón sem notaði gullsedrus í pallinn og rauðan sedrus í þakflísarnar.

„Flaggstangirnar, sem líka eru rúnapóstar, sagaði ég innan úr stóru sedrustré því smíðin á að standast tímans tönn. Vegna fúaþols er vanalega ekki borin fúavörn á sedrusvið heldur er honum leyft að grána í tímans rás.“

Fram undan er dýrlegt sumarið og smíðavinnu við víkingahúsið er hvergi nærri lokið.

„Við erum alltaf að dunda okkur eitthvað og ætlum að smíða kojur og fleiri húsgögn í húsið, hlera fyrir gluggana, gott handrið og kanínugildru, hið minnsta,“ segir Jón í faðmi barnabarna sinna, fullur tilhlökkunar.







Íspan býður fjölbreytt úrval af gleri s.s. einangrunargleri, speglum, lökkuðu gleri og hertu gleri, t.d. í handrið, veggi, sturtur og borðplötur.
Hafðu samband við sérfræðinga okkar og við finnum bestu lausnina fyrir þig.

SMIÐJUVEGI 7 200 KÓPAVOGUR SÍMI 54 54 300 ISPAN.IS

Íspan GLER OG SPEGLAR

# Lakro gólfhersluefnið gerir gólfið jafn hart og stál

Lakro gólfhersluefnið hentar vel á gólf sem eru undir miklu álagi, til dæmis í iðnaðarhúsnæði eða á bílastæðum, því það smýgur inn í steypugólfið og gerir það jafn hart og stál. Fyrir vikið eyðist gólfið ekki vegna ágangs og þar sem það molnar ekki upp úr því verður það rykfrítt.

Gólfhersluefnið Lakro hefur verið til á Íslandi frá því um síðustu aldamót og hefur slegið rækilega í gegn. Efnið rykbindur, þéttir og styrkir gólf í iðnaðarhúsnæði og á bílastæðum með því að bindast steypunni og styrkja þannig yfirborð gólfsins, sem verður jafn hart og stál.

„Efnið er svokallað gegndreypiefni, sem smýgur inn í gólfið og gjörbreytir eiginleikum þess," segir Jón Örn Kristleifsson, umboðsmaður Lakro á Íslandi. „Venjulegt gólf er hart, en ekki alltaf nógu hart og sterkt til að þola mikið álag.

Mikill ágangur getur slitið gólfi, til dæmis ef stórar vinnuvélar fara um eða ef það er mikil umferð bíla á nagladekkjum, sem hægt og rólega nudda sig í gegnum yfirborðið," segir Jón. „Á veturna eru götur gjarnan saltaðar og ef gólfið er orðið opið vegna núnings er voðinn vís. Saltpækillinn smýgur með vatninu inn í gólfið og verður til þess að járnabindingin ryðgar og missir styrk sinn.

Til að koma í veg fyrir þetta eru gólfin oft máluð, en í mörgum tilfellum er málningin ekki nógu sterk til að standast álagið. Hún slitnar og eyðist og þá er gólfið jafn illa sett og áður," segir Jón. „Lakro gegndreypiefnið er hins vegar allt öðruvísi uppbyggt. Það fer ekki á gólfið, heldur í gólfið og endist líftíma steypunnar. Reginmunurinn er að nú getur ekkert eyðst eða slitnað.



Þessi mynd var tekin á síðasta ári og sýnir bílastæði í Mánatúni sem var meðhöndlað með Lakro árið 2015.



Jón Kristleifsson, umboðsmaður Lakro á Íslandi. MYND/ANTONBRINK

Á hörkuskalanum er harka steypu um fjórir. Með Lakro meðhöndlun fer yfirborðsstyrkurinn upp í sex til sjö, sem er svipað og stál," segir Jón. „Gólfið lítur mjög svipað út eftir meðhöndlun, en eiginleikarnir eru gjörbreyttir. Þar sem ekkert mylst upp úr gólfinu verður það líka algjörlega rykfrítt.

Fyrstu verkefnin með Lakro voru unnin í lok síðustu aldar og síðan þá hafa tugþúsundir fermetra verið meðhöndlaðir, aðallega í bílastæðahúsum og á lagerum," segir Jón. „Núna er verið að meðhöndla mörg þúsund fermetra bílakjallara í Reykjavík og síðar í sumar bíða bílastæðahús borgarinnar."

Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni www.harka.is og hægt er að hafa samband í gegnum netfangið harka@harka.is.

# Slípað verður eins og nýtt

Parketslípun meistarans sérhæfir sig í parketslípun, parketlögn, viðgerðum á parketi og smíðavinnu fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Yfirleitt er hægt að laga allt parket og slípa upp. Sú aðgerð er jafnan ódýrari en að skipta öllu gólfefninu út ásamt undirlagi og kaupa nýtt. Við slípum upp parket og viðargólf og tökum einnig að okkur viðgerðir á parketi þegar þess þarf," segir Adam Baldvinsson, eigandi Parketslípunar meistarans.

## Fljótlegt verk

„Þegar undirbúningsvinnu og viðgerðum er lokið á gólfinu tekur slípunin sjálf stuttan tíma. Að henni lokinni er gólfið olíuborið eða lakkað. Heildartími verksins fer eftir stærð flatarins og eftir þurrktíma þeirra efna sem notuð eru. Slípun og lökkun á 80 fermetra gólfi getur tekið 3 til 4 daga. Við notum hágæðaefni frá Bona, sem Gólfefnaval selur, í alla okkar vinnu."



Slípun á parketi í vinnslu



Slípað og lakkað gólf.



Oft þarf að gera við parket.



Afar lítið ryk myndast við slípunina.

» Það má auðveldlega breyta lit parketsins með því að olíubera með alls konar litum, lýsa það upp eða bæsa það og lakka

## Hreinleg aðgerð

„Vélarnar sem notaðar eru við slípunina eru tengdar ryksugu og afar lítið ryk kemur við vinnuna. Auðvitað er ekki hægt að koma alveg í veg fyrir að eitthvert ryk myndist en yfirleitt er parketslípunin ryklaus að 99 prósentum."

## Eins og nýtt

„Það má auðveldlega breyta lit parketsins með því að olíubera með alls konar litum, lýsa það upp eða bæsa það og lakka. Þegar fólk slípar upp gamalt gólf og lakkar hverfur einnig öll lykt sem var og allt rýmið verður eins og nýtt," segir Adam.

Nánari upplýsingar er að finna á www.parketslipunmeistarans.is og í síma 7625668.

# Viðhalda byggingararfinum

Húsaverndarstofa sinnir ókeypis ráðgjöf um viðgerðir á gömlum húsum. Arkitektar og sérfræðingar Borgarsögusafns Reykjavíkur og Minjastofnunar Íslands sitja fyrir svörum í Árbæjarsafni.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@frettabladid.is



Fólk nýtir sér þessa þjónustu talsvert. Spurt er um alls konar hluti, allt frá enduruppbyggingu á jeppahúsum til viðgerða á kirkjum. Aðallega snúa fyrirspurnir að íbúðarhúsum í einkaeigu sem hafa verið byggð á tímabilinu 1880 fram til 1960. Algengast er að húsin séu byggð fyrir 1930,“ útskýrir Magnús Skúlason, arkitekt hjá Húsaverndarstofu, en á miðvikudögum má fá ókeypis ráðgjöf í Árbæjarsafni um viðhald á gömlum húsum og viðbyggingar við þau.

Ráðgjöfina veita arkitektar og sérfræðingar Borgarsögusafns Reykjavíkur og Minjastofnunar Íslands en auk þessara stofnana stendur Iðan fræðslusetur að ráðgjöfinni.

Magnús segir mikilvægt að viðhalda íslenskum byggingararfi. Alltaf sé eitthvað um að röngum aðferðum sé beitt við uppgerð gamalla húsa.

„Það er talsvert um að gert sé vitlaus við, röng efni notuð og rangar aðferðir, sérstaklega þegar kemur að lagfæringu glugga og útidyrahurða,“ segir Magnús. „Við gamla glugga þarf að fylgja ákveðnum aðferðum, smíða þarf ramma inn í gluggann í samræmi við útlit þessara gömlu húsa og ekki glerja beint í karm. Við erum með vinnuteikningar sem sýna þessar aðferðir. Útihurðir eru einnig oft unnar illa og við eigum teikningar um gerð þeirra einnig,“ segir Magnús. Mikið sé um fyrirspurnir varðandi viðbyggingar.



Arkitektarnir Magnús Skúlason og Anna Sofia Kristjánsdóttir veita ókeypis ráðgjöf í Árbæjarsafni. MYND/STEFÁN

> Aðallega snúa fyrirspurnir að íbúðarhúsum í einkaeigu sem hafa verið byggð á tímabilinu 1880 fram til 1960. Algengast er að húsin séu byggð fyrir 1930
>
> Magnús Skúlason



Magnús segir viðeigandi og skemmtilegt að bjóða upp á ráðgjöf í fallegu umhverfi Árbæjarsafns.

„Það er algengt og mjög eðlilegt að upp komi hugmyndir um viðbyggingar. Þessi gömlu hús eru mörg hver frekar lítil. Við komum fólki á sporið en svo fær það til liðs við sig arkitekt til að klára málið. Þá getur tekið talsverðan tíma að fá öll tilskilin leyfi og komast gegnum kerfið. Hægt er að sækja um styrki, til þess að laga og endurbyggja gamalt hús og hefur fólki verið bent á að fá ráðgjöf hjá Húsaverndarstofu áður.“

Ráðgjöfin fer fram í „Kjöthúsinu“ svokallaða í Árbæjarsafni. Þar er að finna safn bóka, tímarita, verklýsinga, laga og reglugerða sem varða hús og húsvernd. Einnig hefur Húsaverndarstofa þar frammi sýnishorn af byggingarhlutum fyrir gömul hús sem nýtast fólki sem ætlar sér að gera upp og viðhalda gömlum stíl. Magnús segir viðeigandi að veita ráðgjöf um gömul hús í gömlu húsi.




Safn gamalla muna og byggingarhluta er að finna hjá Húsaverndarstofu.

„Kjöthúsið var flutt hingað frá Vopnafirði á sínum tíma. Það átti að rífa það en þjóðminjavörður bjargaði því og lét flytja það til Reykjavíkur og gera það upp. Það er mjög gaman að hafa þessa starfsemi í slíku húsi og hér í fallegu umhverfi Árbæjarsafns.“

Ráðgjöf er alla miðvikudaga frá kl. 15 til 17 frá febrúar út nóvember.



Opið 8:30 – 17:00 virka daga – Sími: 562 3833
Netgíró
Betri leið til að versla

# GÓÐAR FRÉTTIR FYRIR MELTINGUNA

Gall- og sýruþolnir mjólkursýrugerlar með asídófílus sem margfalda sig og ná góðri útbreiðslu í þörmunum






**15**
MILLJARÐAR GÓÐGERLA

HEILBRIGÐ ÞARMAFLÓRA – HEILBRIGT LÍF

# Sífellt opnast ný tækifæri

Í tilefni tíu ára afmælis hönnunarhússins Vorhúss hefur fyrirtækið sent frá sér nýja afmælisbolla. Í byrjun árs bættust við fleiri eigendur og margar nýjar vörur eru væntanlegar síðar á árinu.

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is





Bollarnir eru unnir úr hvítu postulíni og eru tvöfaldir með lofti innan í sem einangrar hitann.

Hönnunarhúsið Vorhús er tíu ára í ár og setti á markað nýja afmælisbolla af því tilefni. Bollarnir hafa lengi vel verið ein vinsælasta vara þess en um er að ræða thermo-bolla sem halda innihaldinu vel heitu og hitna ekki í gegn að sögn Fjólu Karlsdóttur, eins eigenda Vorhúss. „Afmælisbollarnir eru unnir úr hvítu postulíni og eru tvöfaldir með lofti innan í sem einangrar hitann. Þeir eru með silfri í mynstrinu sem gerir þá einstaklega hátíðlega og fallega en um leið passa þeir afar vel við fyrri gerðir af bollum sem við höfum framleitt og því gaman að bæta þeim í safnið.“

Önnur nýleg vara frá Vorhúsi eru hrafnasængurver í ljósgráum tónum sem hafa fengið afar góðar viðtökur að sögn Fjólu. „Upphaflega hönnuðum við rúmfötin með Garðveislumynstrinu, sem samanstendur af reyniviðarlaufblöðum og berjum, í þremur mismunandi litum. Sængurverin okkar eru úr 100% bómull og með 300 þráða vefnaði sem gerir þau silkimjúk. Við höfum fengið afar ánægða viðskiptavini sem kaupa sett númer tvö þar sem þeir geta ekki sofið undir öðru en þessum sængurverum og slíkar viðtökur finnst okkur frábærar. Ánægður viðskiptavinur er besta auglýsingin og það má aldrei vanmeta. Því leggjum við okkur mikið fram um að veita góða þjónustu og bjóða vandaðar vörur sem gott og gaman er að eiga.“

## Fleiri bæst í hópinn

Fyrirtækið var stofnað fyrir tíu árum af Sveinbjörgu Hallgrímsdóttur og framleiddi í upphafi kort og filmur sem unnar voru upp úr myndlistarverkum hennar. Fjóla, sem er dóttir hennar, varð seinna starfsmaður og eigandi og á síðasta ári var fyrirtækinu breytt í hönnunarhús fyrir fleiri hönnuði. „Í byrjun þessa árs bættust við fleiri eigendur þannig að núna erum við fjórar sem eigum það og störfum hér. Sveinbjörg hefur snúið sér aftur að myndlistinni og þróar ný mynstur fyrir Vorhús, Sigríður Björg Haraldsdóttir er grafískur hönnuður og hönnunarstjóri Vorhúss, Eydís Harpa Ólafsdóttir



Hrafnasængurver í ljósgráum tónum hafa fengið góðar viðtökur.



Eigendur Vorhúss, f.v.: Fjóla Karlsdóttir, Sigríður Björg Haraldsdóttir, Sveinbjörg Hallgrímsdóttir og Eydís Harpa Ólafsdóttir.

er myndlistarmaður og markaðs- og sölustjóri fyrirtækisins og ég sé um rekstrartengd málefni sem framkvæmdastjóri. Saman skipum við eina heild sem er afskaplega gaman og skapandi að vinna í. Annars erum við lítið fyrirtæki svo hér ganga allir í öll störf og við hjálpumst að, sama hvað það er sem þarf að gera.“

## Gott samstarf

Fjóla segir eigendur Vorhúss leggja mikið upp úr gæðum og notagildi vara með fallegum mynstrum og vinni nú með fjórtán mismunandi framleiðendum um allan heim. „Margir þeirra eru búnir að vera í rekstri í hundruð ára og geta tryggt gæði og samkeppnishæft verð. Það er mikilvægt að geta boðið íslenska hönnun á samkeppnishæfu verði miðað við aðrar skandinavískar hönnunarvörur í hæsta gæðaflokki því samkeppnin er mikil. Það er ekki sjálfgefið og höfum við því lagt mikið upp úr að byggja upp samstarf við framleiðendur okkar og getum við því víkkað vöruúrval okkar umtalsvert með þeim aðilum í framtíðinni.“

## Stöðugar nýjungar

Fram undan hjá Vorhúsi er síðan að halda áfram að þróa og skapa nýja íslenska hönnun segir Fjóla. „Markmiðið er að efla reksturinn, bæði hér heima og erlendis, enda er viðskiptaumhverfið ávallt að opna á ný tækifæri. Við bætum alltaf við nýjungum á hverju ári svo það verða nýjar vörur að bætast í safnið út árið. Jafnframt erum við að þróa nýjar hönnunarlínur undir merkjum Vorhúss með nýjum hönnuðum svo það verður spennandi að sjá hvað kemur í haust og á næsta ári.“

Hönnun Vorhúss má kynna sér á www.vorhus.is, á Facebook, Instagram (vorhus) og Pinterest (vorhusliving).

Þann 14. júní n.k. mun stórglæsilegt sérblað um HM í knattspyrnu fylgja Fréttablaðinu.

ÁFRAM ÍSLAND

Blaðið kemur út sama dag og flautað er til leiks á mótinu.
Fyrsti leikur Íslands er tveim dögum síðar, gegn ljón sterku liði Argentínu.

Í blaðinu er að finna eitthvað fyrir alla. Gallharðir fótboltaáhugamenn fá sinn skammt af áhugaverðum viðtölum og fróðleik. Auk þess er slegið á léttari strengi fyrir þá sem hafa almennt minni áhuga á boltanum en eru að sjálfsögðu gallharðir stuðningsmenn íslenska liðsins. Í blaðinu verður einnig að finna stórt leikjadagatal sem auðvelt er að kippa út úr blaðinu og færa inn úrslit leikja jafnóðum á meðan á mótinu stendur.






Áhugasamir auglýsendur geta fengið nánari upplýsingar í síma 512 5402 eða með því að senda póst á netfangið serblod@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ


NÝTT
NIVEA SUN
UV FACE
ANTI-AGE & ANTI-PIGMENTS
0% WHITE RESIDUE*
50 HIGH UVA UVB
Immediate sun protection
Protects against wrinkles and pigment spots
*on the skin
ÖFLUG SÓLARVÖRN FYRIR ANDLIT



Nýmalað kaffi þykir gott til að skrúbba húðina og fríska hana upp fyrir sumarið.

## Frísk húð í sumar

Kaffi er talið frískandi á fleiri en einn máta. Rjúkandi og rótsterkur bolli að morgni er víst ekki eina leiðin til að koma sér í gang heldur er nýmalað kaffi í bland við jógúrt víst fyrirtaks andlitsmaski sem bæði skrúbbar og nærir húðina og dregur úr pokum.

**2 msk. nýmalað kaffi**
**2 msk. kakóduft**
**1 msk. hunang**
**2 msk. hrein jógúrt**

Blandið öllu saman í skál og smyrjið svo á andlitið. Leyfið maskanum að sitja í um það bil tíu mínútur áður en hann er þveginn af með volgu vatni. Það er tilvalið að skrúbba húðina svolítið þegar maskinn er þveginn af og húðin verður mjúk og fersk á eftir.



Táfýla er einkar óskemmtilegur fnykur.

## Út með táfýluna

Táfýla myndast þegar sviti af fótum nær ekki að gufa upp úr skóm og þá verða til illa lyktandi bakteríur. Notaðu eftirfarandi ráð til að losna við táfýlu úr skóm:

- Frystu skóna yfir nótt. Frostið drepur bakteríurnar.
- Láttu kattasand liggja í skónum yfir nótt eða þar til fnykurinn er horfinn.
- Sáldraðu matarsóda í skóna og láttu standa yfir nótt. Hann jafnar sýrustigið og minnkar ólyktina.
- Loftræstu skóna því raki viðheldur bakteríum og lykt.
- Helltu fáeinum dropum af tea tree- eða eucalyptus-ilmkjarnaolíu í skóna. Olían vinna gegn bakteríum og ódauninum af þeim.

# Aloe vera á sólbruna

Það eru margir á faraldsfæti víða um heim þar sem heit sólin skín alla daga. Þá er mikilvægt að bera á sig góða sólarvörn til varnar því að brenna. Ef svo óheppilega vill til að fólk brennur ætti það að hafa gel úr aloe vera plöntunni í farteskinu. Það er hægt að kreista gelið úr blöðum plöntunnar og setja í krukku eða kaupa tilbúið aloe vera í næstu búð. Hlaupið í plöntunni er talið búa yfir 75 virkum efnum sem meðal annars hafa bólgueyðandi áhrif auk þess að vinna á bruna á húð. Aloe vera plantan er viðurkennd um allan heim sem lækningajurt.

Aloe vera plantan ætti eiginlega að vera til á öllum heimilum því hlaupið úr henni er gott að bera á sár eða bólgur auk sólbruna. Auk þess er gelið talið geta dregið úr verkjum. Þeir sem eru með þurra húð ættu sömuleiðis að prófa að nota aloe vera. Hægt er að fá 100% hreint aloe vera hlaup í mörgum verslunum ef fólk á ekki plöntuna. Berið aloe vera hlaupið á sólbruna 2-3 sinnum á dag. Ekki þarf að spara það því plantan er vítamínrík og gerir húðinni gott.



Það er eiginlega nauðsynlegt að hafa aloe vera plöntu á heimilinu



# Smáauglýsingar

512 5800
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is


## Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á
**www.talentradning.is**

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF



talent@talentradning.is
bryndis@talentradning.is
**Sími: 552-1600**

**Bryndís**
**GSM: 773 7400**





## Þarftu að ráða?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.

Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS


## Bílar & Farartæki

SUZUKI



Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

BRAUT
BÍLASALA



LAND ROVER Defender 110 Nýskráður 2013 ekinn 49 ÞKM dísel beinskiptur Verð 4.690.000. Rnr.105775. Braut Bílasölu Vantar bíla á skrá mikil sala. Braut s:5876600

**Braut Bílasala**
**Bíldshöfða 3, 110 Reykjavík**
**Sími: 587 6600**
**bilabraut@bilabraut.is**
**www.bilabraut.is**

## Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 100-200þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Bátar



Til sölu 30 feta skemmtibátur árgerð 1998 báturinn er allur sem nýr að innan sem utan. Vél Volvo Penta 260hö ekin aðeins ríflega 800 tíma, nýr vagn fylgir. Uppl. í s. 893-7900

MARÁS
TOHATSU
UTANBORÐSMÓTORAR



JAPÖNSK GÆÐI!

| | |
|---|---|
| Léttir | Kraftmiklir |
| Fyrirferðalitlir | Sparneytnir |
| Hljóðlátir | 3,5-250 hö |

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

**VEIÐIBÆNDUR**
Þjórsá, Þjórsá, laxanetin tilbúin. Þekking,reynsla og gæði.Heimavík ehf. S 892 8655 www.heimavik.is

## Þjónusta

### Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

### Húsaviðhald

**HÚSAVIÐGERÐIR**
ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI
- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

☎ 788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

Getum bætt við okkur verkefnum í nýsmíði, viðhald og öll almenn smíðavinna. Áratugareynsla. Liðsafl ehf s:8964019, lidsafl.is

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Keypt & Selt

### Til sölu

**LOK Á POTTA**



**HEITIRPOTTAR.IS**
HÖFÐABAKKA 1
SÍMI 777 2000

## Skemmtanir


**CATALINA**
CAFÉ • RESTAURANT • SPORTBAR
*Best geymda leyndarmál Kópavogs*
Gullnáman

**LEIGA Á SAL VIÐ ÖLL TILEFNI**



ERUM MEÐ GLÆSILEGAN AUSTURSAL TIL LEIGU
*Fyrir veisluna*

**LIFANDI TÓNLIST**



HLJÓMSVEITIN KLETTAR2
*Spilar fyrir dansi*
FÖSTUDAG & LAUGARDAG
**FRÁ KL. 00.00 - 03.00**

**HAPPY HOUR ALLA DAGA FRÁ 16-19**

**HEITUR MATUR ALLA DAGA 11-21**

**SÍMI 554 2166**
HAMRABORG 11 • 200 KÓPAVOGUR
**WWW.CATALINA.IS**

## Til sölu

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**




## Heilsa

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Húsnæði

## Húsnæði í boði

2 herb. í 101 150þ. + trygging Senda SMS 7728296 eða mail nyjanw@gmail.com kennitala og nafn

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Atvinna

## Atvinna í boði

**VERKAMAÐUR / BYGGINGARVINNA**
Heimaás óskar eftir að ráða verkamann í byggingarvinnu.

Nánari uppl. í s. 8956820 Guðmundur

heimaas@heimaas.is merkt "atvinna"

Garðyrkjufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir samviskusömu og áreiðanlegu sumarstarfsfólki. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á netfangið hreinirgardar@gmail.com

Bílstjóri óskast meirapróf æskilegt en ekki nauðsynlegt.Uppl. S:8925141 eða skuli@atoz.is







## Tilkynningar

Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

**Ákvörðun um matsskyldu**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að framkvæmdin

**Vegur meðfram vestanverðu Hverfjalli í Skútu-staðahreppi**

skuli ekki háður mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106 /2000. Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til 9. júlí 2018







## Fasteignir

### Eignaborg auglýsir til sölu eftirgreindar jarðir:





## Hlíðarendakot í Fljótshlíð

Jörð sem er um 400 ha að stærð auk hluta í óskiptu landi. Ægifagurt útsýni er á landinu og sést m.a. til Vestmannaeyja, Eyjafjalla- og Mýrdalsjökuls. Fagrir fossar falla af brúnum, þar á meðal hinn þekkti Gluggafoss.

Helstu byggingar eru 152 m² íbúðarhús byggt 2000 og 411 m² skemma reist 1997. Rafmagn er fengið frá vatnsafls virkjun frá 2015 sem er á jörðinni.

*Sjá nánar á eignaborg.is*









## Hraunhóll, Landsveit

Landið er 26,2 ha að stærð og liggur með Minnivallalæk þar sem útsýni er frábært.

Á landinu er vandað bárujánsklætt íbúðarhús úr timbri, 64 m² að stærð, byggt 2004 og 180 m² skemma úr timbri klædd bárujárni, byggð 2016. Rafmagn frá samveitum, ljósleiðari og neysluvatn frá borholu.

*Sjá nánar á eignaborg.is*





**EIGNABORG**
FASTEIGNASALA
Hamraborg 12, 200 Kópavogi, www.eignaborg.is

**Nánari upplýsingar gefur Sveinbjörn Sveinbjörnsson, lögmaður og lögg. fasteignasali, gsm: 892 2804, netfang: sveinbjörn@eignaborg.is**



**Bláberjakryddað hálfúrbeinað lambalæri frá SS fylgir öllum gasgrillum á HM VEISLU**

*Sendum frítt með Flytjanda*
*Nánari upplýsingar á www. grillbudin.is*

Opið virka daga 11-18
Opið lauagardaga 11-16

# HM VEISLA

LANDMANN Your World of BBQ gasgrill PANTERA 2ja brennara



4 KW

**34.900**

2 brennarar — Grindur úr pottjárni

LANDMANN gasgrill REXON 3ja brennara
10,95 KW



**37.900**

**Þýsk gæði í 50 ár**

LANDMANN Your World of BBQ



*HM grillið*

**9.900**

**Kolagrill**

LANDMANN gasgrill
TRITON 2ja brennara



Niðurfellanleg hliðarborð

Verð áður 59.900
**49.900**

LANDMANN gasgrill
TRITON 3ja brennara 10,5 KW



Niðurfellanleg hliðarborð

Verð áður 79.900
**69.900**

4 litir

**Vönduð yfirbreiðsla fylgir**

LANDMANN gasgrill
TRITON 4ra brennara 14,8 KW



Verð áður 99.900
**79.900**

**Ryðfrítt stál**

LANDMANN gasgrill
AVALON 4ra brennara 18,7 KW



Verð áður149.900
**129.900**

LANDMANN gasgrill
AVALON 5 brennara 22,8 KW



Verð áður 229.900
**209.900**

**Vönduð yfirbreiðsla fylgir**

LANDMANN Gashitari

Afl: 11 KW
Hitunarsvæði: Ø 7m
Stærð: Ø75 x 220 cm



Verð áður 34.900
**29.900**

**Skoðið vefverslunina www.grillbudin.is eða hringið og fáið faglegar ráðleggingar**

LANDMANN 50 ÁRA

# Grillbúðin
SÉRVERSLUN MEÐ GRILL OG GARÐHÚSGÖGN

**Smiðjuvegi 2, Kópavogi** (við hilðina á Bónus) | **Sími 554 0400** | grillbudin.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

Suðlæg átt 5-10 suðvestan- og vestanlands og dálítil væta í dag, en hægari breytileg átt og bjart með köflum um landið austanvert. Hiti 8 til 20 stig að deginum, hlýjast í innsveitum norðaustanlands.




### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 8° | 8° | 13° |
| ↖6 | ↑3 | →3 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 17° | 9° | 7° |
| ↗4 | ↖2 | ↑10 |

### Sunnudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 7° | 6° | 9° |
| ↖5 | ↓1 | ↓2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 14° | 8° | 6° |
| ↓5 | ↗4 | ↑3 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | | | 9 | | | | 7 |
| 5 | | 8 | | 1 | 7 | | | 9 |
| 6 | | | | | | 8 | | |
| 7 | 8 | | 5 | | | | 3 | |
| 3 | | | 4 | | 2 | | | |
| 2 | | | | | | | | |
| | | | 3 | | 6 | 9 | 8 | |
| | | | 9 | 5 | | | | |
| | 5 | 3 | | 8 | 1 | 2 | 6 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | 5 | | 2 | | | | |
| 2 | | | | | 8 | | 9 | |
| 6 | | 8 | 1 | | 3 | | | |
| 9 | | | | 5 | 2 | 3 | 1 | |
| | 6 | | | 3 | | | | 8 |
| | | 2 | | | 1 | | | |
| 5 | 1 | | 9 | 6 | | | | 2 |
| | | | | | | 4 | | 1 |
| | | 6 | | | 7 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | 1 |
| | | | 7 | 9 | | | | 8 |
| | | 5 | 3 | | 6 | | | |
| | | | | 5 | | 3 | 1 | 9 |
| | 8 | | | | 9 | 7 | | |
| | | 1 | 2 | | 3 | | 5 | |
| | 3 | | | 2 | | | 8 | |
| 9 | | | | | | 4 | | |
| 1 | | 2 | 8 | | | | | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 8 | 2 | 1 | 9 | 5 | 3 | 6 | 7 |
| 9 | 3 | 7 | 2 | 6 | 8 | 4 | 5 | 1 |
| 5 | 1 | 6 | 4 | 7 | 3 | 2 | 8 | 9 |
| 6 | 2 | 5 | 7 | 8 | 4 | 9 | 1 | 3 |
| 7 | 4 | 1 | 9 | 3 | 6 | 5 | 2 | 8 |
| 3 | 9 | 8 | 5 | 1 | 2 | 6 | 7 | 4 |
| 2 | 7 | 3 | 6 | 4 | 1 | 8 | 9 | 5 |
| 8 | 5 | 9 | 3 | 2 | 7 | 1 | 4 | 6 |
| 1 | 6 | 4 | 8 | 5 | 9 | 7 | 3 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 2 | 9 | 8 | 3 |
| 7 | 3 | 5 | 9 | 8 | 4 | 2 | 1 | 6 |
| 2 | 8 | 9 | 3 | 6 | 1 | 5 | 7 | 4 |
| 3 | 1 | 7 | 4 | 2 | 8 | 6 | 9 | 5 |
| 5 | 9 | 8 | 6 | 3 | 7 | 4 | 2 | 1 |
| 6 | 2 | 4 | 1 | 5 | 9 | 7 | 3 | 8 |
| 8 | 4 | 6 | 2 | 9 | 3 | 1 | 5 | 7 |
| 9 | 5 | 3 | 7 | 1 | 6 | 8 | 4 | 2 |
| 1 | 7 | 2 | 8 | 4 | 5 | 3 | 6 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 6 | 1 | 3 | 7 | 4 | 8 | 9 | 2 |
| 7 | 3 | 8 | 2 | 6 | 9 | 1 | 5 | 4 |
| 9 | 2 | 4 | 5 | 1 | 8 | 3 | 6 | 7 |
| 8 | 1 | 3 | 9 | 4 | 5 | 7 | 2 | 6 |
| 2 | 5 | 7 | 6 | 3 | 1 | 4 | 8 | 9 |
| 6 | 4 | 9 | 7 | 8 | 2 | 5 | 3 | 1 |
| 3 | 7 | 5 | 1 | 2 | 6 | 9 | 4 | 8 |
| 1 | 8 | 2 | 4 | 9 | 3 | 6 | 7 | 5 |
| 4 | 9 | 6 | 8 | 5 | 7 | 2 | 1 | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. ríki í Suður-Asíu
5. sælindýr
6. frá
8. ræfill
10. tveir eins
11. erta
12. rykkur
13. trjátegund
15. skýrðu frá
17. fallegur

**LÓÐRÉTT**
1. saumreka
2. ágætis
3. tvennd
4. óskorðaða
7. djarfur
9. fundarsókn
12. óska
14. mixtúra
16. í röð

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT: 1.** Nepal, **5.** aða, **6.** af, **8.** garmur, **10.** ll, **11.** æsa, **12.** átak, **13.** elri, **15.** kynntu, **17.** fagur.
**LÓÐRÉTT: 1.** naglrek, **2.** eðal, **3.** par, **4.** lausa, **7.** frakkur, **9.** mæting, **12.** árna, **14.** lyf, **16.** tu.

## Skák Gunnar Björnsson

Gauti Páll Jónsson (2.045) átti leik gegn Alexander Oliver Mai (1.958) á Íslandsmótinu í skák í Valsheimilinu.




**Svartur á leik**
**37. ... Hxe4+! 38. fxe4 De3+ 39. Kd1 Hxe1+ 40. Kc2 Hc1+ 41. Kb2 Dc3# 0-1.** Helgi Áss Grétarsson og Þröstur Þórhallsson voru efstir eftir sjöundu umferð með 6 vinninga. Lenka Ptácníkvová var í þriðja sæti með 5½ vinning.

**www.skak.is:** Níunda og næstsíðasta umferð kl. 16.30.


# FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið



## Stuðningur alla leið

Það er vika í spennandi viðureign íslenska landsliðsins við Argentínu á HM í Rússlandi. **Eldheitir stuðningsmenn** liðsins komu saman því til hvatningar og vanir Rússlandsfarar gefa hollráð.

## Barðist fyrir lífi sínu

**Stórmyndin Adrift** er byggð á lífsreynslu Tami Oldham sem lenti í fellibyl í skútusiglingu með kærasta sínum. Tami segir frá reynslu sinni.



## Heimboð í Asparfell

**Íbúar í Asparfelli** bjóða gestum Listahátíðar Reykjavíkur inn til sín í blokkarpartí.

## Eftir þingið

**Katrín Jakobsdóttir** forsætisráðherra er í viðtali um ríkisstjórnarsamstarfið.

**Fréttablaðið – ómissandi hluti af góðri helgi**


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# LG TILBOÐ

## HM 2018 Á HEIMAVELLI




**NANO CELL SKJÁTÆKNIN TRYGGIR BETRI MYND FRÁ ÖLLUM SJÓNARHORNUM**

**LG 55SJ800V**
55" Super UHD snjallsjónvarp með Nano Cell skjátækni fyrir betri mynd frá öllum sjónarhornum, skýrari litir og meiri skerpa ásamt Multi HDR tækni með Dolby Vision. Öflugt harman kardon hljóðkerfi gerir einstaka sjónvarpsupplifun. Einfaldar stillingar með webOS 3.5 netviðmóti, Magic Remote fjarstýring fylgir og Netflix í 4K. Fullkomið sjónvarp fyrir þá sem vilja horfa á HM í góðum félagsskap – frá öllum sjónarhornum.

4K HDR ULTRA HD

**TILBOÐ**
**134.995**
FULLT VERÐ 199.995




**LG 43UJ670**
Stílhreint 43" UHD snjallsjónvarp með Active HDR og Super Mastering Engine myndvinnslu sem gerir myndina bjartari og litina tærari. Einfalt og þægilegt webOS 3.5 netviðmót ásamt Magic Remote fjarstýringu og Netflix í 4K.

**TILBOÐ**
**79.995**
FULLT VERÐ 99.995




**LG 55UK6100**
55" UHD snjallsjónvarp með Active HDR tækni, Quad Core örgjörva og Bluetooth tengimöguleika. Fótbolta stilling mýkir hreyfingu á skjánum svo þú missir aldrei af boltanum. Einfalt webOS 3.5 netviðmót ásamt Ultra Surround hljóðkerfi sem fullkomnar upplifunina.

**TILBOÐ**
**99.995**
FULLT VERÐ 139.995




**LG 65UJ670**
65" UHD snjallsjónvarp með Active HDR og Super Mastering Engine myndvinnslu sem gerir myndina bjartari og liti tærari. WebOS 3.5 netviðmót, Magic Remote, Bluetooth og Netflix í 4K. Fullkomið tæki fyrir þá sem vilja stóran skjá og frábær myndgæði.

**TILBOÐ**
**179.995**
FULLT VERÐ 219.995

LG Life's Good

Heimilistæki ht.is
*7 VERSLANIR UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • Austurvegi 34 **SELFOSSI** S: 414 1745 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRTORGI **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

# Dramatískt bræðralag

**Elmar Gilbertsson og Oddur Arnþór Jónsson eru bræður í óperu Daníels Bjarnasonar. Aðeins ein sýning í Hörpu.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is

**TÓNLISTIN ER MYRK EINS OG HÆFIR SÖGUNNI OG KÓRINN HEFUR ÞAR DRAMATÍSKT HLUTVERK.**



Elmar og Oddur. Í hlutverki gjörólíkra bræðra í dramtískri óperu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI.

Brothers, ópera eftir Daníel Bjarnason, verður flutt í Hörpu nú á laugardag. Hún er fyrsta ópera Daníels og var frumsýnd í Danmörku í ágústmánuði árið 2017. Óperan, sem er byggð á hinni þekktu kvikmynd Brothers eftir Susanne Bier, hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin sem tónverk ársins 2018. Daníel er tilnefndur til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs fyrir þetta verk sitt.

Um er að ræða sömu uppfærslu og frumflutt var í Danmörku og leikstjóri er sá sami, Kasper Holten. Flytjendur eru bæði íslenskir og erlendir. Meðal söngvara eru Elmar Gilbertsson og Oddur Arnþór Jónsson sem fara með hlutverk bræðranna Michaels og Jamie.

**Ólíkir bræður**

Verkið, sem er hádramatískt, fjallar um stríð, bræðralag og ástir. Michael nýtur velgengni í starfi og einkalífi, en yngri bróðir hans Jamie hefur komist í kast við lögin. Michael er sendur í stríð og verður fangi og þegar hann snýr aftur er hann fjarrænn og á erfitt með að aðlagast venjulegu lífi. Jafnvægið milli bræðranna hefur einnig breyst. Oddur leikur Michael og Elmar er í hlutverki Jamie.

„Ég er í hlutverki hins fullkomna unga manns sem hefur gert allt rétt, er góður námsmaður og mikill íþróttamaður, óskabarn fjölskyldunnar og þorpsins," segir Oddur.

Elmar: „Jamie er allt annar karakter. Hann fellur í skuggann af bróður sínum og þess vegna má finna smá afbrýðisemi hjá honum. Honum finnst gaman að drekka og dópa og er ligeglad."

Oddur: „Áður en Michael kom til baka úr stríðinu var hann ekki þannig, hefði kannski fengið sér glas með matnum en aldrei drukkið heila viskíflösku."

Elmar: „Hinn gerir það hverja helgi, alveg hiklaust."

Oddur: „Þeir eru mjög ólíkir, bræðurnir, en bera góðan hug hvor til annars, þrátt fyrir vissan undirtón."

Elmar: „Mér finnst alltaf gaman að leika vesalinginn og hér er heill kór sem leikur raddirnar í hausnum á honum."

**Dramatísk tónlist**

Félagarnir lýsa tónlist Daníels Bjarnasonar sem dramatískri. „Tónlistin er myrk eins og hæfir sögunni og kórinn hefur þar dramatískt hlutverk. Þarna eru einnig léttir kaflar, en í meginatriðum er dökk áferð á verkinu," segir Elmar.

Íslenskir og erlendir söngvarar syngja á ensku í óperunni. Elmar og Oddur segja samvinnuna hafa verið frábæra. Leikstjórinn Kasper Holten fær toppeinkunn frá félögunum. „Hann vinnur á mjög jákvæðan og uppbyggjandi hátt en ekki á niðurbrjótandi hátt, eins og stundum gerist. Hann veit nákvæmlega hvað hann vill," segir Oddur. „Hann setur sig inn í sálarlíf persóna og gengur út frá því að söngvararnir séu búnir að draga upp mynd af persónunni sem þeir túlka og hafi spurt sig: á hvaða ferðalagi er þessi persóna, hvaðan kemur hún, hvert er hún að fara?" segir Elmar.

Óperan er samin fyrir kór, hljómsveit og níu aðalhlutverk. Hún verður flutt í þetta eina sinn í Hörpu, laugardaginn 9. júní í Eldborgarsalnum.

## Bæði ný og eldri verk á fjörutíu ára afmælissýningu Nýlistasafnsins í Marshallhúsinu

Nýlistasafnið fagnar fertugsafmæli sínu með ýmsum hætti. Síðdegis í gær var opnuð sýningin Djúpþrýstingur – Pressure of the Deep í Marshallhúsinu á Granda. Þegar Fréttablaðsfólk bar að upp úr hádeginu var Þorgerður Ólafsdóttir, einn margra sýningarstjóra, að fylgjast með listamönnunum Starkaði Sigurðarsyni og Veigari Ölni Gunnarssyni hengja upp verk Rósku (1940-1996) sem heitir Tíminn og ég frá árinu 1967.

„Hér eru verk úr safneigninni og önnur ný eftir ungt listafólk. Við auglýstum í byrjun árs og völdum úr átta einstaklinga sem hér sýna. Þeir höfðu frjálsar hendur og fengu líka að skoða safneignina. Þannig voru nýju verkin höfð að leiðarljósi þegar eldri verkin voru valin," útskýrir Þorgerður. Hún bendir á einn vegg safnsins sem sýnir nöfn allra sem hafa sýnt í Nýló frá upphafi. Veggurinn er skreyttur formum eftir Hollendinginn Douwe Jan Bakker sem Þorgerður segir hafa dvalið á Íslandi um tíma og haft mikil áhrif á íslenska myndlistarsenu.

Á hillu eru litlar styttur af hundum sem hafa fest sig í stólum. Þær eru gerðar af Auði Lóu Guðnadóttur og eru hluti af seríu verka sem þau sýna saman, hún og Starkaður. „Hundarnir eru gerðir eftir sannsögulegum myndum á internetinu," segir Auður og beinir einnig athyglinni að tréstól Starkaðar á gólfinu. „Ég smíðaði þennan aðallega til að sannfæra mig um hversu mikið vesen er að smíða stól," segir hann. „Og hvað auðvelt er að festa sig í honum."

Sýningin stendur fram í ágúst. „Hér verða líka gjörningar og málþing um listamannarekin rými á Íslandi," lýsir Þorgerður. „Þannig að afmælisdagskráin er viðamikil, sýningin er einn hluti af henni."



Auður Lóa, Starkaður, Þorgerður og Veigar Ölnir við vegginn sem birtir nöfn allra sýnenda safnsins gegnum árin fjörutíu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Starkaður og Veigar að koma fyrir listaverki Rósku, Tíminn og ég. Veigar stendur ofan í nýju verki sínu sem heitir Hugmyndir annarra. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# LÍFSINS SÖGUR!




**Tvöhundruðsextíu og einn dagur**
**VILDARVERÐ: 3.299.-**
Verð: 3.899.-




**Refurinn**
**VILDARVERÐ: 2.499.-**
Verð: 2.999.-




**Fjallið í Kaupmannahöfn**
**VILDARVERÐ: 2.499.-**
Verð: 2.999.-




**Sumar í Litla bakaríinu við Strandgötu**
**VILDARVERÐ: 3.399.-**
Verð: 3.999.-




**Köld slóð**
**VILDARVERÐ: 3.199.-**
Verð: 3.999.-




**Kalak**
**VILDARVERÐ: 3.199.-**
Verð: 3.799.-







**Handbók fyrir ofurhetjur Annar hluti: Rauða gríman**
**VILDARVERÐ: 2.799.-**
Verð: 3.399.-




**Forystu-Flekkur**
**VILDARVERÐ: 3.299.-**
Verð: 3.999.-

**Íslenska kraftaverkið**
**VILDARVERÐ: 3.399.-**
Verð: 3.999.-

Framúrskarandi fyrirtæki 2017

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er 10. júní eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## KAUPTU 8 RAKBLÖÐ
og fáðu rakvél+blað sem kaupauka



4.598 kr. pk.

KAUPAUKI

**Gillette Fusion Rakblöð - 8 stk.**
Gillette Fusion Power Rakvél+blað sem kaupauki



298 kr. 200 ml

**Gillette Fusion Rakgel**
200 ml



## GÆÐAVARA
á góðu verði

298 kr. 500 ml

**TRESemmé sjampó og næring**
Margar tegundir, 500 ml

## SAMA VERÐ
## UM LAND ALLT

## NÝTT Í BÓNUS



1L

598 kr. 1 l

**Kokteilblöndur**
1 l, 3 tegundir





498 kr. kg

**Íslenskir Tómatar**
Box, 1 kg



500g

498 kr. 500 g

**Græn Aspas**
500 g, Spánn

Verð gildir til og með **10. júní** eða meðan birgðir endast.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

**ÍSLENSKT** Lambakjöt

KJARNAFÆÐI




**1.298** kr. kg

**Kjarnafæði Lambalæri**
Argentína, kryddað, stutt læri
eða Heiðalamb, kryddað

**100% ÍSLENSKT** ungnautakjöt




**498** kr. 2x120 g

**Smash Style Hamborgarar**
2x120 g




**119** kr. 2 stk.

**Smash Style Hamborgarabrauð**
2 stk. í pakka



**GRILLVEISLAN BYRJAR Í BÓNUS**

**1,5kg**




**298** kr. 1,5 kg

**Kartöflur**
1,5 kg, Frakkland

Grísakjöt af **NÝSLÁTRUÐU**




**1.298** kr. kg

**Bónus Grísahnakkasneiðar**
Úrbeinaðar

Grísakjöt af **NÝSLÁTRUÐU**




**1.298** kr. kg

**Bónus Grísahnakki**
Úrbeinaður

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

# Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

## 8. JÚNÍ 2018

### Tónlist

**Hvað?** CCR heiðurstónleikar
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Bæjarbíó, Hafnarfirði
Strákarnir í CCR bandinu hafa það að aðalsmerki að heiðra hina mögnuðu sveit Creedence Clearwater Revival. Á efnisskránni eru allra stærstu lög þeirra Johns Fogerty og félaga, lög eins og Have You Ever Seen the Rain, Bad Moon Rising, Fortunate Son, Proud Mary og fl.

**Hvað?** Dadykewl útgáfutónleikaextravaganza!!
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu
Platan „Klámstjarna“ eftir dadykewl kom út 23. maí síðastliðinn og verður efnt til tónleika í kvöld af því tilefni. Dadykewl dregur með sér kærkomna tónlistarmenn sem stíga einnig á svið. En auk hans koma fram: HRNNR x Smjörvi, Alvia Islandia og Yung Nigo Drippin'. Sjaldgæfar stundir fram undan á Húrra, mælt er með að láta svona ekki fram hjá sér fara.

**Hvað?** Nýríki Nonni
**Hvenær?** 23.00
**Hvar?** Dillon, Laugavegi
Hljómsveitin Nýríki Nonni spilar frumsamið „old school“ rokk í anda áttunda áratugarins. Hljómsveitin hefur nýverið sent frá sér lögin Óbóta, Svíkja undan skatti, Til þingmannsins og Skipstjórasvítan lalala sem er svona gleðirokk/pönkari. Lögin má nálgast á YouTube og algengustu tónlistarveitum. Lífleg sviðsframkoma einkennir sveitina sem er skipuð Guðlaugi Hjaltasyni, gítar, söngur, Loga Má Einarssyni, bassi, söngur, og Óskari Torfa Þorvaldssyni, trommur. Flest á lagalista sveitarinnar er frumsamið en hún hefur þó laumast til að spila einhverjar ábreiður ef vel liggur á henni. Frítt er inn á tónleikana.

**Hvað?** Sunna Friðjóns
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Eftir klassískt tónlistaruppeldi og nám í þverflautuleik beindi Sunna fókusnum nýlega að lagasmíðum og flutningi á eigin efni undir áhrifum Emilíönu Torrini, Sóleyjar, Tori Amos, Agnes Obel og Lykke Li. Rómantík, mystík, dimma og sakleysi blandast saman í dreymandi kammerpopptóna þar sem djarfar hljóðfæraútsetningar og hrár en kraftmikill söngur eru í forgrunni.

### Viðburðir

**Hvað?** Ráðstefna – Nýsköpun í opinberri þjónustu og stjórnsýslu
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Grand hótel
Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Félag forstöðumanna ríkisstofnana, Rannís, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands kynna: Ráðstefna: Nýsköpun í opinberri þjónustu og stjórnsýslu 2018 – „Betri opinber þjónusta með öflugu samstarfi og nýtingu stafrænna lausna“. Ráðstefnan „Nýsköpun í opinberri þjónustu og stjórnsýslu 2018“ verður haldin í dag á milli 10.00 og 12.00 í fundarsalnum Háteig, Grand Hótel Reykjavík. Yfirskrift ráðstefnunnar í ár er „Betri opinber þjónusta með öflugu samstarfi og nýtingu stafrænna lausna“. Aðalerindi ráðstefnunnar flytur Morten Hyllegaard, meðeigandi BETA Consultancy í Danmörku.


Back to the Future verður sýnd á dúndrandi partísýningu í Bíói Paradís í kvöld.


Vigdís Jakobsdóttir, listrænn stjórnandi Listahátíðar, situr fyrir svörum í Klúbbi hátíðarinnar og veitir innsýn í þemað og ferlið að baki hátíðinni í ár.

**Hvað?** Lokasýning á Artist Run, heimildarmynd um listamenn og heldrunarferli í Reykjavík og Berlín
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Ekkisens, Bergstaðastræti
Í Artist Run eru viðtöl við listamenn sem hafa skapað sín eigin rými, listamenn sem voru með sýningar í rýmunum þegar kvikmyndin var tekin upp og listamenn sem hafa starfað í báðum borgunum og eru að fara að opna sín eigin rými. Skoðaðir eru sameiginlegir og ólíkir fletir á umhverfi upprennandi listamanna í Reykjavík og Neukölln, stöðum sem standa báðir frammi fyrir heldrunarferli (e. gentrification).

**Hvað?** Nordia 2018
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** TM-höllin, Garðabæ
Safnarasýningin NORDIA 2018 í TM-Höllinni í Garðabæ. Verðmæti sýningarinnar er óheyrilegt og þar verða sýndir fjölmargir gripir sem vart verða metnir til fjár. Á sýningunni er öflugur safnaramarkaður þar sem hægt er að versla með ýmsa safngripi. Glæsileg frímerkjasöfn, 200 milljóna króna umslag, flugsaga Íslands, stærsta servíettusafn landsins, opinberir- og einkagjaldmiðlar, frímerkjamyndir barnanna, skákeinvígi Fischers og Spassky og ótal margt fleira. Ókeypis inn.

**Hvað?** Back to the Future – Föstudagspartísýning!
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bíó Paradís, Hverfisgötu
Ungur piltur að nafninu Marty McFly (Michael J. Fox) ferðast óvart aftur í tíma um 30 ár og hittir foreldra sína í tilhugalífinu árið 1955.

**Hvað?** The Lover
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Tjarnarbíó
The Lover er sjónrænt dansverk, hugleiðing um samband manns og náttúru. Fjallað er um tengslin milli tilvistar, híbýla og aðstæðna mannverunnar í eilífðar samhengi. Hvernig maðurinn og jörðin bæði skapa og eyða. Hvernig manneskjan býr í náttúrunni og hvernig náttúran býr í mannskepnunni. Líkami Báru og umhverfi hans eru í stöðugri þróun og umbreytingu á meðan á sýningunni stendur. Í verkinu er áhorfendum boðið í rými til íhugunar; hvað er mennskt, hvað er dýrslegt, hvað er náttúrulegt, hvað er af mannavöldum, hvað er lifrænt …

**Hvað?** Hvolpasýning HRFÍ & Royal Canin í Hafnarfirði
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Víðistaðatún, Hafnarfirði
Hvolpasýning HRFÍ og Royal Canin fer fram föstudaginn 8. júní á Víðistaðatúni í Hafnarfirði og hefst kl. 18.00. Súpersætir hvolpar af öllum gerðum og stærðum sýna sig og sjá aðra og keppa um besta ungviðið og hvolp sýningar. Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

**Hvað?** The Great Gathering á Listahátíð í Reykjavík
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Eiðistorg, Seltjarnarnesi
Stór hópur af fullorðnum og börnum dansa saman með suð í eyrum. Hoppandi í pollum með blóðnasir; við lifum í öðrum heimi þar sem við erum aldrei ósýnileg. Hendumst í hringi, höldumst í hendur, allur heimurinn er óskýr.

**Hvað?** Happy Hour með Vigdísi Jakobsdóttur
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Klúbbur Listahátíðar, Hafnarhúsinu
Hvað langar þig til að vita um dagskrá Listahátíðar? Vigdís Jakobsdóttir, listrænn stjórnandi hátíðarinnar, situr fyrir svörum og veitir innsýn í þemað og ferlið að baki hátíðinni í ár. Drykkir á sérstöku tilboðsverði.

**Hvað?** Hugsun, heili og bókmenntir
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Veröld – hús Vigdísar
Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, heldur fyrirlestur um hugsun, heila og bókmenntir föstudaginn 8. júní kl. 15.00 í Veröld – húsi Vigdísar. Fyrirlesturinn er haldinn á vegum námsleiðar í dönsku og Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og er hluti af dagskrá sem efnt er til vegna 100 ára afmælis fullveldis Íslands.

### Sýningar

**Hvað?** 111 – Ljósmyndasýning Spessa á Listahátíð í Reykjavík
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Rýmd, Völvufelli
Breiðholtið og stoltir íbúar þess birtast í öllum sínum fjölbreytileika í nýrri röð ljósmynda Spessa sem sýndar eru í galleríinu Rýmd í Völvufelli. Portrettmyndir Spessa úr póstnúmerinu 111 bera það með sér að hann hefur komist í nálægð við alls konar fólk sem byggir Breiðholtið. Hann gætir þess að halda hæfilegri fjarlægð af virðingu við viðfangsefnið. Hér er á ferðinni örsaga kynslóða í hverfi sem á margan hátt er óvenjulegt í borginni.

**Hvað?** Atómstjarna á Listahátíð í Reykjavík
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Ásmundarsalur, Freyjugötu
Hvað er mannvera? Úr hverju erum við búin til? Erum við öll úr sama efninu? Hver er uppsprettan, kjarnahvarfið og hvar endum við? Hver er landamæri líkamans, hvert teygir hann sig? Rennur hann saman við aðra líkama í einn stóran líkama? Líkama náttúrunnar, heimsins og geimsins? Í dans- og myndlistarverkinu Atómstjarna er mannveran rannsökuð út frá þessum spurningum. Hún er krufin, rifin og skorin í sundur, saumuð saman og skoðuð í stærra samhengi við umhverfi sitt, frá rótum sínum við jörðina til huga og himins. Ljósi er varpað á margbreytileika hennar og þær mörgu víddir, fleti, form og drauma sem hún hefur að geyma.

# SPORTS DIRECT



© FIFA, FIFA's Official Licensed Product Logos, and the Emblems, Mascots, Poster and Trophies of the FIFA World Cup tournaments are copyrights and/or trademarks of FIFA.

FIFA Iceland Core Junior T-shirt



2.190KR

FIFA Iceland Poly Junior T-shirt



2.390KR

FIFA Iceland Polo Mens T-shirt



3.590KR

FIFA Iceland Core Ladies T-shirt



2.590KR

HLAUPA • FÓTBOLTA • GOLF • ÚTIVIST • HJÓLA • SUND




**SPORTS DIRECT**

(NDS EHF),
SKÓGARLIND 2,
KÓPAVOGI 201

NIKE • PUMA • adidas • UNDER ARMOUR • asics




SATT EÐA LOGIÐ
KL. 21:05
Frábær sería af lygilega skemmtilegum fjölskylduþáttum sem hinn eini sanni Benedikt Valsson eða Benni stýrir af mikilli röggsemi og fær til sín góða gesti. Þetta er þátturinn sem sannar að sannleikurinn getur verið afstæður.

Frábært
**Föstudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **stod2.is**

BRITAIN´S GOT TALENT
KL. 20:40
Skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna. Dómarar í keppninni eru þau Simon Cowell, David Walliams, Amanda Holden og Alesha Dixon.





PATTI CAKE$
KL. 21:45
Stórgóð mynd sem hefur getið sér gott orð á verðlaunahátíðum víðs vegar um heim og fjallar um Patriciu Dombrowski sem reynir fyrir sér sem rappari í heimabæ sínum í New Jersey.

SNOWPIERCER
KL. 22:00
Myndin fjallar um síðustu dreggjar mannkynsins sem tóra í mikilfenglegri lest sem er á stanslausu ferðalagi um auða veröldina.



AMERICAN DAD
KL. 21:35
Skemmtileg teiknimyndasería um Stan sem er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins.






Allt þetta og meira til á aðeins **9.990 kr.**
**stod2.is**




# DAGSKRÁ

# Föstudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Blíða og Blær
**07.25** Tommi og Jenni
**07.50** Strákarnir
**08.15** Ljóti andarunginn og ég
**08.35** The Middle
**08.55** Mom
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** Restaurant Startup
**11.05** Great News
**11.25** Veistu hver ég var?
**12.10** Feðgar á ferð
**12.35** Nágrannar
**13.00** Lýðveldið
**13.25** Emma's Chance
**14.55** The Day After Tomorrow
**16.55** Grand Designs - Living
**17.45** Bold and the Beautiful
**18.05** Nágrannar
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** Britain's Got Talent Skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna. Dómarar í keppninni eru þeir sömu og síðast, þau Simon Cowell, grínsnillingurinn David Walliams (Little Britain), leikkonan Amanda Holden og söngkonan Alesha Dixon en kynnar eru skemmtikraftarnir Ant og Dec sem fara á kostum eins og þeim einum er lagið.
**20.40** Britain's Got Talent
**21.05** Satt eða logið
**21.45** Patti Cake$
**23.40** The Duel Spennandi vestri frá 2016 með Woody Harrelson og Liam Hemsworth. Lögreglumaðurinn David er sendur til lítils bæjar við landamærin að Mexíkó til að rannsaka dularfull mannshvörf og morð sem þar hafa verið framin. The Duel gerist í kringum 1880 og söguseviðið er lítill landamærabær þar sem predikari að nafni Abraham Brant virðist ráða lögum og lofum. David fer fljótlega að gruna að mannshvörfin og morðin í bænum séu á hans ábyrgð, en sönnunargögnin vantar og þeirra þarf David að afla ef rannsókn hans á að skila árangri.
**01.30** Ouija: Origin of Evi
**03.10** The Day After Tomorrow Sláandi raunsæ, vel gerð og æsispennandi stórslysamynd sem fjallar um það hvað gæti gerst ef spár svartsýnustu veðurfræðinga og umhverfissérfræðinga yrðu að veruleika. Þeir telja að gróðurhúsaáhrif og önnur mannanna verk kunni að valda meiriháttar veðurbreytingum; svo miklum að jöklar bráðni, úthöf flæði yfir land og straumbreytingar geti af sér nýja ísöld. Afleiðingin af slíkum náttúruhamförum yrði hrein martröð fyrir mannkynið. Dennis Quaid leikur vísindamann sem spáð hefur slíkum hamförum en talað fyrir daufum eyrum – þar til spár hans verða að veruleika.

## STÖÐ 2 SPORT

**07.45** England - Costa Rica
**09.25** Cleveland Cavaliers - Golden State Warriors
**11.20** Season Highlights
**13.05** Selfoss - Víkingur Ó.
**14.50** Goals of the Season
**15.45** ÍBV - KR
**17.30** England - Costa Rica
**19.10** Þróttur - Víkingur Ó.
**21.20** Búrið
**21.50** UFC Now
**22.40** NBA Rising
**23.05** Cleveland Cavaliers - Golden State Warriors

## STÖÐ 3

**01.00** Seinfeld
**01.25** Friends
**01.50** Tónlist
**19.10** Last Man on Earth
**19.35** Man Seeking Woman
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** First Dates
**21.40** The Simpsons
**22.05** American Dad
**22.30** Bob's Burger
**22.55** Schitt's Creek
**23.20** NCIS: New Orleans

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.47** Doddi litli og Eyrnastór
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveins
**08.49** Lalli
**08.55** Rasmus Klumpur
**09.00** Strumparnir
**09.25** Hvellur keppnisbíll
**09.37** Ævintýraferðin
**09.49** Gulla og grænjaxlarnir
**10.00** Stóri og Litli
**10.13** Grettir
**10.27** K3
**10.38** Mæja býfluga
**10.50** Tindur
**11.00** Dóra könnuður
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.47** Doddi litli og Eyrnastór
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveins
**12.49** Lalli
**12.55** Rasmus Klumpur
**13.00** Strumparnir
**13.25** Hvellur keppnisbíll
**13.37** Ævintýraferðin
**13.49** Gulla og grænjaxlarnir
**14.00** Stóri og Litli
**14.13** Grettir
**14.27** K3
**14.38** Mæja býfluga
**14.50** Tindur
**15.00** Dóra könnuður
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.47** Doddi litli og Eyrnastór
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveins
**16.49** Lalli
**16.55** Rasmus Klumpur
**17.00** Strumparnir
**17.25** Hvellur keppnisbíll
**17.37** Ævintýraferðin
**17.49** Gulla og grænjaxlarnir
**18.00** Stóri og Litli
**18.13** Grettir
**18.27** K3
**18.38** Mæja býfluga
**18.50** Tindur
**19.00** Kubo and the Two Strings



Mæja býfluga klukkan 10.38, 14.38 og 18.38

## GOLFSTÖÐIN

**09.10** Fed Ex ST. Jude Classic
**12.10** Golfing World
**13.00** PGA Tour: Arnold Palmer's Legacy
**13.45** The Memorial Tournament
**17.30** ShopRite LPGA Classic
**19.35** PGA Special: This is Mackenzie Tour
**20.00** Fed Ex ST. Jude Classic
**23.00** Inside the PGA Tour
**23.25** Golfing World

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.35** African Safari
**13.05** Fantastic Beasts and Where to Find Them
**15.15** Date Night
**16.45** African Safari
**18.15** Fantastic Beasts and Where to Find Them Mögnuð ævintýramynd frá 2016 úr smiðju J.K. Rowlings með stórgóðum leikurum. Þegar galdrapilturinn og fræðimaðurinn Newt Scamander kemur til New York árið 1926 í leit að töfraverum sem hann hefur einsett sér að rannsaka og bjarga þegar það á við veit hann ekki að stórhættuleg og kraftmikil vá vofir yfir borginni. Myndinni er leikstýrt af David Yates sem leikstýrði síðustu fjórum Harry Potter-myndunum.
**20.30** Stefnumótakvöldið
**22.00** Snowpiercer Vísindaskáldsögutryllir frá 2013 með Chris Evans, Tildu Swinton, Jamie Bell og fleiri stórgóðum leikurum. Myndin fjallar um síðustu dreggjar mannkynsins sem tóra í mikilfenglegri lest sem er á stanslausu ferðalagi um auða veröldina, sem nú er í heljargreipum nýrrar ísaldar. Um leið og óhjákvæmileg upprisa myndast á meðal vannærðra farþega stefnir allt í baráttu um framtíðarörlög mannkynsins, að minnsta kosti þess sem eftir er af því.
**00.05** We Don't Belong Here
**01.35** Totem
**03.10** Snowpiercer

## RÚV

**14.45** Hvað hrjáir þig?
**15.30** Lítháen - Ísland
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Froskur og vinir hans
**18.07** Rán og Sævar
**18.18** Söguhúsið
**18.25** Börnin í bekknum - tíu ár í grunnskóla
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.40** Áfram Ísland
**20.40** Poirot - Dauði frú McGinty
**22.20** Kvöld í Istanbúl
**23.50** Goðsögnin Pelé
**01.30** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Dr. Phil
**09.20** The Late Late Show with James Corden
**10.00** Síminn + Spotify
**12.00** Everybody Loves Raymond
**12.25** King of Queens
**12.50** How I Met Your Mother
**13.10** Dr. Phil
**13.50** Man With a Plan
**14.15** Gudjohnsen
**15.00** Family Guy
**15.25** Glee
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**19.00** America's Funniest Home Videos
**19.30** The Biggest Loser
**21.00** The Bachelorette
**22.30** The Hunger Games
**00.55** One Day
**02.45** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**03.25** The Exorcist

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |




Við erum eldsnöggir að skoða bílinn!

# Bíllinn yfirfarinn og allir öruggir!

## Láttu skoða bílinn í réttum mánuði hjá Frumherja

Fólksbílar/jeppar · Felli -og hjólhýsi · Mótorhjól · Tjaldvagnar/kerrur · Vatnsvernd · Vörubílar · Eftirvagnar · Sendibílar · Hestakerrur · Söluskoðun · Hópbílar · Farprófari

## Við bjóðum góða þjónustu og hagstæð kjör á skoðunum

IS PJ 19 2019 846

**Ökutæki eiga að fara í bifreiðaskoðun í þeim mánuði sem síðasti tölustafur á skráningarmerki vísar til.**

Ef ekki hefur gefist kostur á að færa ökutækið til almennrar skoðunar í skoðunarmánuði, skal það í síðasta lagi fært til skoðunar fyrir lok annars mánaðar þaðan í frá.




**Það er góð tilfinning að vera á nýskoðuðum bíl frá Frumherja!**

Frumherji
www.frumherji.is



Charlotte var yfirleitt í klassískum og settlegum fötum, hér í gallabuxum með uppábroti við ökkla.



Þær Sarah Jessica Parker, Cynthia Nixon, Kim Cattrall og Kristin Davis slógu í gegn sem vinkonurnar í New York.

# Sex & the City tuttugu ára

Tuttugu ár eru liðin frá því að fyrsti Sex & the City þátturinn fór í loftið. Þátturinn snerist um fjórar vinkonur í New York, ástalíf þeirra, atvinnuferil, vini og fjölskyldu. Tískan í þáttunum er þess virði að horfa á alla þættina aftur og á margt mjög vel við í dag. Glamour er á því að þættirnir hafi elst mjög vel og þá sérstaklega hvað tískuna varðar.



Leikkonan Sarah Jessica Parker í hlutverki sínu sem Carrie árið 1998, dress sem mundi sóma sér vel á skjánum í dag. Pels og háir hælar geta ekki klikkað.



Karakter Samönthu, sem Kim Cattrall lék þótti djörf, líka í klæðaburði. Hér er hún í pastelkjól, sem einmitt er í litapallettu sumarsins.



Búningahönnuður Sex and the City, Patricia Fields, var hrifin af tjulli og pinnahælum, við eiginlega hvað sem er.



Lögfræðingurinn Miranda Hobbes í afslöppuðum fötum í sportlegum stíl. Þessir inniskór eru hámóðins í dag.

GLAMOUR

Farðu inn á Glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tísku.
• Facebook • Instagram • Twitter

# LÆKNAVAKTIN ER FLUTT Í AUSTURVER

Læknavaktin er flutt í nýtt húsnæði í Austurveri og hefur lokað móttöku sinni að Smáratorgi í Kópavogi. Verið velkomin í Austurver, Háaleitisbraut 68, 2. hæð.



**AFGREIÐSLUTÍMAR ERU ÞEIR SÖMU OG ÁÐUR:**

**Móttaka**

Virkir dagar: kl. 17:00–23:30
Helgar: kl. 9:00–23:30

**Vitjanir**

Virkir dagar: kl. 17:00–23:30
Helgar: kl. 08:00–23:30

**Símaráðgjöf**

Allan sólarhringinn

LÆKNAVAKTIN 1770














Árni varði tíma sínum á Hawaii í að vafra um og taka myndir á filmuvélina sína. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Hawaii handan gylliveraldar póstkortanna

**Árni Kristjánsson** opnar ljósmyndasýninguna Hawaii 2.5 í versluninni Skugga á laugardaginn. Myndirnar eru teknar á Hawaii þar sem hann dvaldi og leitaðist við að ná myndum sem sýndu raunveruleika eyjanna.

Árni Kristjánsson er tónlistarmaður og plötusnúður sem starfar sem leiðsögumaður fyrir japanska ferðamenn á Íslandi, en hann bjó í Tókýó lengi vel þar sem hann nældi sér í meistaragráðu í menningarfræðum frá Tokyo University of the Arts. Þar fékk hann fyrst áhuga á ljósmyndun og hefur haldið nokkrar sýningar og á laugardaginn opnar hann sýninguna Hawaii 2.5 í versluninni Skugga á Skólavörðustíg.

„Ég dvaldi þarna á Hawaii á Oahueyju, þar sem Honolulu er, mánuð í senn sumrin 2012 og 2013. Ég var í heimagistingu langt frá miðbænum þannig að ég eyddi dögunum svolítið í að vafra um með filmuvélina meðferðis. Ég var að taka götumyndir og var pínu spenntari fyrir því að taka myndir af stöðum utan túristagildranna, ég vildi athuga hvernig upplifun það væri að búa þarna á eyju sem Bandaríkjamenn kalla bókstaflega paradís – það eru til dæmis sagðir hlutir í fréttum eins og „today in paradise …“ Það er svolítið steikt hvernig fólk hugsar um þennan stað og ég vildi reyna að finna út hvað lægi á bak við og finna skot sem fönguðu það.“

Árni leitaðist við að finna „alvöru“ Hawaii, staðinn sem væri handan gylliveraldar póstkortanna.

„Það eru mikil eiturlyfjavandamál, þarna er „crystal meth“ úti um allt, í Chinatown-hverfinu er fólk að labba inn og út af meþadon-klíníkum og í vafasömu ástandi. Svo eru líka ekki nema 6 prósent af íbúum Hawaii innfæddir en samt eru allir að nota þennan kúltúr innfæddra – maður heyrir fólk oft segja „ohana“ sem þýðir fjölskylda á tungumáli innfæddra: „we're one big ohana“ – en samt er þetta bara sjúklega hvítt fólk.“

**ÞAÐ KOM MÉR LÍKA SVOLÍTIÐ Á ÓVART ÞEGAR ÉG FÓR AÐ TALA VIÐ FÓLK SEM BÝR ÞARNA AÐ UNGA FÓLKIÐ ER MEÐ SÖMU ÚTÞRÁ OG ÞAÐ SEM BÝR Á ÍSLANDI – ALLA LANGAÐI AÐ SLEPPA AF EYJUNNI OG FARA YFIR Á MEGINLANDIÐ.**

Árni segir mér líka frá hvernig nágranni fólksins sem hann gisti hjá kenndi honum í miklum smáatriðum að gera „hang loose“ eða „shocka“ handamerkið – sem er mikið notað á Hawaii til að heilsa eða segja „þetta verður allt í góðu“, tákn um rólegt og afslappað atferli – sem auðvitað verður að einhverju öðru þegar það er útskýrt eða kennt á stífan hátt af hvíta nágrannanum.

„Svo er líka þessi pæling að vera Íslendingur þar sem grasið er alltaf grænna hinum megin – og jafnvel grænast á Hawaii – veðrið er alltaf gott og allt það. En svo þegar maður kemur „hinum megin“ að sjá hvað liggur að baki þessu: það er ekkert gaman að vera endalaust á einhverri strönd. Það kom mér líka svolítið á óvart þegar ég fór að tala við fólk sem býr þarna að unga fólkið er með sömu útþrá og það sem býr á Íslandi – alla langaði að sleppa af eyjunni og fara yfir á meginlandið. Það endurspeglar svolítið hvernig við Íslendingar hugsum um Evrópu. Kannski erum við öll bara í nákvæmlega sama dæminu – kannski er ekkert svo mikið grænna hinum megin.“

Áhuginn á ljósmyndun byrjaði í náminu í Japan, en Árni lærði menningarfræði í listaháskóla og hafði því aðgang að ljósmyndaaðstöðu. Hann kynntist líka ódýrum japönskum filmuvélum í Tókýó en þar sýndi hann ljósmyndir í fyrsta sinn árið 2012 og svo hér heima, á Kex hosteli, þar sem hann sýndi götumyndir frá Tókýó. Hawaii 2.5 er framhald af sýningunni Hawaii 2 sem hann setti upp í Japan 2016 og inniheldur fleiri myndir en fyrirrennarinn.

„Það er mjög erfitt að fá sýningarpláss í Japan þannig að þegar ég var kominn heim og með fulla möppu af myndum fannst mér þessi sýning geta átt annað líf hér.“

Sýningin verður opnuð klukkan 13 á laugardaginn og stendur yfir allan júnímánuð.

stefanthor@frettabladid.is

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*


SKOÐAÐU NÝJU
HEIMASÍÐUNA OKKAR
WWW.ILVA.IS
Hún er opin allan sólarhringinn
25-70%
afsláttur
Sumar
ÚTSALA
Útsalan er hafin!
25-70%
afsláttur
*Gildir ekki um vörur á áður niðursettu verði
ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30
Netgíró
VALITOR
FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND


GERÐU GÓ
Glæsilegir bílar á einstaklega góðum kj
CAPTUR
RENAULT CAPTUR
Zen, bensín, beinskiptur.
Sérkjör: 2.550.000 kr.
ÞÚ SPARAR 280.000 kr.
Listaverð: 2.830.000 kr.
Duster
RENAULT KOLEOS II
Zen, fjórhjóladrifinn, dísil, beinskiptur.
Sérkjör: 4.950.000 kr.
ÞÚ SPARAR 540.000 kr.
Listaverð: 5.490.000 kr.
KOLEOS
CLIO
RENAULT CLIO Sport Tourer
Zen, dísil, beinskiptur.
Sérkjör: 2.490.000 kr.
ÞÚ SPARAR 260.000 kr.
Listaverð: 2.750.000 kr.
X-TRAIL
NISSAN X-TRAIL
Tekna, fjórhjóladrifinn, dísil, ssk.
Sérkjör: 5.990.000 kr.
ÞÚ SPARAR 600.000 kr.
Listaverð: 6.590.000 kr.
Birt með fyrirvara á verðbreytingum, innsláttarvillum og athugið að búnaður bíla á myndum kann að vera frábrugðinn auglýstu verði bíla.
Kynntu þér allt um Kjarabíla á www.bl.is




**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**
**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


BAKÞANKAR


María Bjarnadóttur




## Umræðan

Reglulega er kallað eftir umræðu. Einhvern veginn vill það sérstaklega verða þegar um er að ræða margslungin mál sem krefjast einhvers annars en umræðu. Kannski þurfa þau frekar rannsóknir, úttektir, skýringar, eða bara tíma. Stundum þarf sannarlega umræðu, en annars konar umræðu. Til dæmis þarf stundum vitræna umræðu, en það er bara í boði umræða á skökkum forsendum eða villandi umræða. Stundum er umræðan þannig að fólk sem á erindi í hana nennir ekki að taka þátt því það hefur ekki áhuga á að grafast undir í samfélagsmiðlaumræðu; sem margir telja þó vettvang hinnar lýðræðislegu umræðu.

Það fjölgar í hópi þeirra sem hafa áhyggjur af áhrifum tækja og samfélagsmiðla á stöðu lýðræðisins í vestrænum ríkjum. Obama, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, sem var brautryðjandi í notkun samfélagsmiðla í kosningabaráttu, er þeirra á meðal og hefur lagt áherslu á mikilvægi þess að fólk taki líka umræðu án aðkomu tækninnar. Svolítið retró kannski, en hann er meðal þeirra sem telja að umræða um erfið eða flókin mál krefjist þess að fólk sjái hvert annað til þess að skilja merkingu orða og samskipta; geti greint kaldhæðni og áttað sig á tvíræðni áður en það bregst við. Það sé erfitt þegar stafabilin eru takmörkuð.

Það tekur tíma að móta sér afstöðu. Fólk þarf að hafa svigrúm til þess að máta við sig skoðanir og stefnur án þess að vera brennimerkt þeim um aldur og ævi. Við stökkvum ekki öll fullskapað stjórnmálafólk út úr hausnum á foreldrum okkar með djúpa sannfæringu og heildarsýn á öll heimsins málefni í farteskinu. Það þarf að vera hægt að skipta um skoðun. Í stafrænum samskiptaheimi verður þetta æ erfiðara.

Það þarf jú að taka umræðuna.


OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum
Iceland

Jói Fel
BAKARÍ



VEISLUÞJÓNUSTA
*Sjá úrval veislubakka á www.joifel.is*

VERÖLD HVÍLDAR – BETRA BAK LEGGUR GRUNN AÐ GÓÐUM DEGI

Serta **25% AFSLÁTTUR** Serta

AF ÖLLUM HEILSUDÝNUM FRÁ SERTA
STÆRSTA DÝNUFRAMLEIÐANDA Í HEIMI






Aukahlutir á mynd:
botn, fætur og höfuðgafl.

SERTA OPERA HEILSUDÝNUR
ÓTRÚLEGT VERÐ

Serta

**25% AFSLÁTTUR**
Opera heilsudýna, 120 x 200 cm.
**63.750 KR.**
**TILBOÐSVERÐ**
FULLT VERÐ: 85.000 KR.

- Sjö laga heilsu- og hægindalag tryggir réttan stuðning við mjóbak.
- Vandað fimmsvæða skipt pokagormakerfi. Minni hreyfing, betri aðlögun.
- Slitsterkt og mjúkt bómullaráklæði sem andar vel.
- Steyptar kantstyrkingar.



Aukahlutir á mynd:
botn, fætur og höfuðgafl.

SERTA CAVALLO

Cavallo heilsudýnan er uppbyggð til að veita hámarksslökun og hvíld í svefni. Fimm svæða pokagormakerfið er stífara á mjaðmasvæði og mýkra á axlasvæði. Cavallo er gerð úr náttúrulegum efnum, efsta yfirlag er 7 cm þykkt og gert úr hrosshári. Steyptir hliðarkantar dýnunnar gefa 25% meira svefnsvæði.
Stærðir: 160 x 200 / 180 x 200 / 180 x 210 / 192 x 203 / 200 x 200 cm.

Serta

**25% AFSLÁTTUR**
Cavallo heilsudýna, 160 x 200 cm.
**157.425 KR.**
**TILBOÐSVERÐ**
FULLT VERÐ: 209.900 KR.

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566
AFGREIÐSLUTÍMI Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16 www.betrabak.is

Betra BAK